

Eldsneytisspá 2016 - 2050

Orkuspárnefnd



Júlí
2016

Eldsneytisspá 2016 - 2050

Orkuspárnefnd

Orkustofnun

**Júlí
2016**

Útgefandi:

Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Sími: 569 6000, Fax, 568 8896

Tölvupóstur: os@os.is

Heimasíða: <http://www.os.is/>

Umsjón útgáfu: Baldur Pétursson, Orkustofnun

Ritstjórn:

Orkustofnun: Ágústa Loftsdóttir, formaður og Anna Lilja Oddsdóttir

Samtök iðnaðarins: Bjarni Már Gylfason

Samtök verslunar og þjónustu: Magnús Ásgeirsson

Umhverfisstofnun: Kristján Andrésson

Ritari eldsneytishóps: Jón Vilhjálmsson, EFLA verkfræðistofa

Samstafsaðilar:

Björn Ævarr Steinarsson, Hafrannsóknastofnunin

Guðbergur Rúnarsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Birgitta Gunnarsdóttir, Icelandair

Grétar Már Garðarsson, Isavia

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar

OS-2016-02

ISBN 978-9979-68-382-7

Efni skýrslunnar má nota, en krafist er þessa að heimildar sé getið.

Júlí 2016

Efnisyfirlit

INNGANGUR	7
1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR	8
2. NOTKUN OLÍU OG OLÍUVERÐ	11
2.1 VERÐPRÓUN Á ALPJÓÐAMARKAÐI OG OLÍUNOTKUN Í HEIMINUM SÍÐUSTU ÁRATUGI.....	11
2.2 VERÐPRÓUN INNANLANDS OG OLÍUNOTKUN ÍSLENDINGA SÍÐUSTU ÁRATUGI	13
2.3 LÖG OG REGLUGERÐIR STJÓRNVALDA TIL AÐ HAFA ÁHRIF Á ELDSNEYTISNOTKUN.....	20
2.4 REYNSLAN AF ELDSNEYTISSPÁM ORKUSPÁRNEFNDAR	20
3. AÐFERÐIR, STUTT LÝSING	26
4. FORSENDUR	28
4.1 ALMENNAR FORSENDUR.....	28
4.2 SPÁR UM ÞRÓUN OLÍUVERÐS.....	28
4.3 HEIMILI OG SUNDLAUGAR.....	31
4.3.1 <i>Hitun húsa með olíu</i>	31
4.3.2 <i>Hitun sundlauga með olíu</i>	32
4.3.3 <i>Notkun á gasi</i>	32
4.4 LANDBÚNAÐUR	33
4.5 FISKISKIP	35
4.5.1 <i>Stuðlar til að reikna olíunotkun út frá afla</i>	36
4.5.2 <i>Olíunotkun íslenskra fiskiskipa</i>	38
4.5.3 <i>Eldsneytiskaup erlendra fiskiskipa</i>	40
4.5.4 <i>Nýir orkugjafar í fiskiskipum í stað olíu</i>	40
4.6 IÐNAÐUR	41
4.6.1 <i>Fiskimjölsverksmiðjur</i>	41
4.6.2 <i>Annar almennur iðnaður</i>	42
4.6.3 <i>Notkun á gasi</i>	43
4.6.4 <i>Nýir orkugjafar í iðnaði í stað olíu</i>	43
4.7 BIFREIÐAR OG TÆKI	44
4.7.1 <i>Bifreiðar</i>	44
4.7.2 <i>Verðteygni eldsneytisnotkunar og tilkoma nýrra orkugjafa fyrir bifreiðar</i>	46
4.7.3 <i>Tæki</i>	47
4.7.4 <i>Steinolía</i>	48
4.8 FLUGVÉLAR.....	48
4.8.1 <i>Innanlandsflutningar</i>	49
4.8.2 <i>Millilandaflutningar</i>	50
4.8.3 <i>Nýir orkugjafar fyrir flugvélar</i>	52
4.9 FLUTNINGASKIP	52
4.9.1 <i>Flutningar milli innlendra hafna</i>	53
4.9.2 <i>Millilandaflutningar</i>	53
4.9.3 <i>Nýir orkugjafar í stað olíu</i>	53
4.10 ÞJÓNUSTA.....	54
4.11 ORKUFREKUR IÐNAÐUR.....	54
4.11.1 <i>Núverandi notendur</i>	54
4.11.2 <i>Hugsanlegir nýir notendur</i>	56
4.12 RAFORKUVINNSLA.....	57

4.13	RÝRNUN	57
5.	ÁÆTLUÐ ELDSNEYTISNOTKUN	58
5.1	NOTKUN OLÍU	58
5.2	NOTKUN NÝRRA ORKUGJAJA Í STAÐ OLÍU	65
5.3	NOTKUN KOLA	65
5.4	GASNOTKUN.....	68
6.	ÁHRIF BREYTTA FORSENDNA Á ELDSNEYTISNOTKUN	69
6.1	FORSENDUR LÁGSPÁR	69
6.2	FORSENDUR HÁSPÁR	69
6.3	NIÐURSTÖÐUR	70
7.	SAMANBURÐUR VIÐ ELDRI SPÁR.....	75
	HEIMILDASKRÁ	79
	ENGLISH SUMMARY	82
	VIÐAUKI 2 - EININGAR.....	107
	VIÐAUKI 3 - ELDSNEYTISNOTKUN SKIPT NIÐUR Á TEGUNDIR OG EFTIR NOTKUN	111

Töfluskrá

TAFLA 2.1	OLÍUSALA Á ÍSLANDI, JARDEFNAELDSNEYTI (ÚRGANGSOLÍA EKKI MEÐTALIN).....	16
TAFLA 2.2	NOTKUN ÍSLENDINGA Á KOLUM, GASÍ OG ÚRGANGSOLÍU 1990-2015.	17
TAFLA 4.1	ALMENNAR FORSENDUR ELDSNEYTISSPÁR.	29
TAFLA 4.2	NOTKUN DRÁTTAVÉLA SKV. KÖNNUN FRÁ 2004.....	34
TAFLA 4.3	ÁÆTLUÐ MEÐALNOTKUN DRÁTTAVÉLA.	34
TAFLA 4.4	OLÍUNOTKUNARSTUÐLAR FISKISKIPA OG TOGSKIPSÍGILDI.	37
TAFLA 5.1	SPÁ UM NOTKUN OG INNFLUTNING OLÍU.	59
TAFLA 5.2	SPÁ UM NOTKUN OLÍU SKIPT NIÐUR Á NOTKUNARÞÆTTI.....	60
TAFLA 5.3	SPÁ UM NOTKUN NÝRRA ORKUGJAJA Í STAÐ OLÍU, OLÍUÍGILDI.	66
TAFLA 5.4	SPÁ UM NOTKUN Á KOLUM.....	67
TAFLA 5.5	SPÁ UM NOTKUN Á GASÍ.....	68
TAFLA 6.1	FORSENDUR LÁG- OG HÁSPÁR (EINUNGIS ERU SÝNDAR ÞÆR FORSENDUR SEM BREYTT ER FRÁ SPÁNNI).	71
TAFLA 6.2	SPÁ UM NOTKUN OLÍU FRAM TIL ÁRSINS 2050 ÁSAMT VIKMÖRKUM, INNLEND NOTKUN.....	72
TAFLA 6.3	SPÁ UM NOTKUN OLÍU FRAM TIL ÁRSINS 2050 ÁSAMT VIKMÖRKUM, MILLILANDANOTKUN.	72
TAFLA 6.4	SPÁ UM NOTKUN OLÍU OG NÝRRA ORKUGJAJA FRAM TIL ÁRSINS 2050 ÁSAMT VIKMÖRKUM, INNLEND NOTKUN.	72
TAFLA 6.5	SPÁ UM NOTKUN OLÍU OG NÝRRA ORKUGJAJA FRAM TIL ÁRSINS 2050 ÁSAMT VIKMÖRKUM, MILLILANDANOTKUN.	72

Myndaskrá

MYND 2.1	MEDALVERÐ Á HRÁOLÍU, ARABIAN LIGHT, 1. JANÚAR ÁRIN 1970 TIL 1987 OG BRENT SPOT PRICE 1988 TIL 2016.	12
MYND 2.2	VINNSLA HRÁOLÍU Í HEIMINUM TÍMABILÐ 1970 TIL 2014.....	12
MYND 2.3	FJÖLDI ÁRA SEM SANNREYNDAR OLÍULINDIR MUNU DUGA MIÐAÐ VIÐ VINNSLU VIÐKOMANDI ÁRS (SANNREYNDAR OLÍULINDIR ERU ÞÆR LINDIR SEM OLÍUFRAMLEIÐSLURÍKI GEFA UPP).....	14
MYND 2.4	VERÐMÆTI INNFLUTTS ELDSNEYTIS (CIF) Í HLUTFALLI VIÐ VÖRUÚTFLUTNING (FOB).....	15
MYND 2.5	MEDALVERÐ FRÁ DÆLU Á GASOLÍU OG BENSÍNI 1970-2015 OG Á GASOLÍU FRÁ BÍL 2008-2015 Á VERÐLAGI ÁRSINS 2015, LISTAVERÐ.	15
MYND 2.6	SALA OLÍUFÉLAGANNA ÁSAMT INNFLUTNINGI FLUGLEIÐA ÓLÍU 1970 TIL 2015.....	18
MYND 2.7	MEDALVERÐ MEÐ SKÖTTUM Á BLÝLAUSU BENSÍNI (95 OKTAN PREMIUM (95 RON) NEMA Í JAPAN UNLEADED REGULAR) Í AÐILDARRÍKJUM OECD Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI ÁRIÐ 2015.	19
MYND 2.8	MEDALVERÐ MEÐ SKÖTTUM Á GASOLÍU FRÁ DÆLU TIL ATVINNUSTARFSEMI Í AÐILDARRÍKJUM OECD Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI ÁRIÐ 2015 (FOR COMMERCIAL PURPOSES).	19
MYND 2.9	SAMANBURÐUR Á SPÁM UM NOTKUN OLÍU OG RAUNNOTKUN, INNLEND NOTKUN.....	22
MYND 2.10	SAMANBURÐUR Á SPÁ FRÁ 2008 OG ENDURREIKNINGI FRÁ 2012 UM NOTKUN OLÍU OG RAUNNOTKUN, INNLEND NOTKUN.	22
MYND 2.11	SAMANBURÐUR Á SPÁM UM NOTKUN OLÍU OG RAUNNOTKUN, MILLILANDANOTKUN.	23
MYND 2.12	SAMANBURÐUR Á SPÁ FRÁ 2008 OG ENDURREIKNADRI SPÁ FRÁ 2012 UM NOTKUN OLÍU OG RAUNNOTKUN, MILLILANDANOTKUN.....	23
MYND 2.13	SAMANBURÐUR Á SPÁM UM BENSÍNNOTKUN OG RAUNNOTKUN.....	24
MYND 2.14	SAMANBURÐUR Á SPÁM UM NOTKUN DÍSILOLÍU OG STEINOLÍU Á BIFREIÐAR OG TÆKI OG RAUNNOTKUN.....	24
MYND 2.15	SAMANBURÐUR Á SPÁM UM NOTKUN OLÍU Í INNLENDUM FISKISKIPUM SEM ER TEKIN HÉR Á LANDI.	25
MYND 4.1	NOTKUN ELDSNEYTIS TIL HITUNAR HÚSA 1983-2015.....	31
MYND 4.2	NOTKUN ÍSLENDINGA Á GASI EFTIR FLOKKUM ÁRIÐ 2015.....	32
MYND 4.3	NOTKUN HEIMILA Á GASI ÁRIN 1996-2015.....	33
MYND 4.4	OLÍUKAUP FISKISKIPA Á ÍSLANDI 1983-2015.....	35
MYND 4.5	OLÍUNOTKUN FISKISKIPA SAMKVÆMT SÖLUTÖLUM OG ÁÆTLAÐ EFTIR AFLATÖLUM ÁRIN 2003 - 2014.	37
MYND 4.6	OLÍUNOTKUN FISKISKIPA Á AFLAEININGU TOGSKIPSÍGILDIS (SJÁ SKILGREININGU Á TOGSKIPSÍGILDI Í TÖFLU 4.2).	38
MYND 4.7	OLÍUNOTKUN FISKISKIPA Í HLUTFALLI VIÐ VÉLARAFL FLOTANS (ÁN OPINNA FISKIBÁTA).	39
MYND 4.8	OLÍUSALA TIL ERLENDRA FISKISKIPA OG ÁÆTLUÐ OLÍUNOTKUN EFTIR INNFLUTTUM AFLATÖLUM.	40
MYND 4.9	OLÍUNOTKUN Í IÐNAÐI 1983-2015. RAFORKA SEM HEFUR KOMIÐ Í STAÐ OLÍU SÝND FRÁ ÁRINU 1993 Í OLÍUÍGILDUM.	41
MYND 4.10	NOTKUN IÐNAÐAR Á GASI ÁRIN 1996-2015.....	43
MYND 4.11	ELDSNEYTISNOTKUN BIFREIÐA 1983-2015.	44
MYND 4.12	MEÐALNOTKUN BIFREIÐA Á BENSÍNI 1983-2015 MIÐAÐ VIÐ ÁRLEGAN MEÐALFJÖLDA BIFREIÐA.	45
MYND 4.13	MEÐALNOTKUN BIFREIÐA Á GASOLÍU 1983-2015 MIÐAÐ VIÐ ÁRLEGAN MEÐALFJÖLDA BIFREIÐA.	46
MYND 4.14	ELDSNEYTISNOTKUN TÆKJA 1983-2015.....	48
MYND 4.15	ELDSNEYTISALA TIL FLUGVÉLA 1983-2015.	49
MYND 4.16	NOTKUN ÞOTUELDSNEYTIS Í INNLANDSFLUGI Á HVERN FARÞEGLA.	50
MYND 4.17	ELDSNEYTISALA TIL MILLILANDAFLUGS Í HLUTFALLI VIÐ ÁÆTLAÐA FLUTNINGA.	51
MYND 4.18	ELDSNEYTISKAUP FLUTNINGASKIPA Á ÍSLANDI 1983-2015.	52
MYND 4.19	NOTKUN ÞJÓNUSTUSTARFSEMI Á GASI ÁRIN 1996-2015.	54
MYND 4.20	INNFLUTNINGUR OG NOTKUN Á KOLUM OG KOKSI.....	55
MYND 4.21	NOTKUN STÓRIÐJU Á GASI ÁRIN 1996-2015.	56
MYND 5.1	SPÁ UM INNLENDAN NOTKUN Á OLÍU TÍMABILÐ 2016-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 2000-2015... ..	62

MYND 5.2	SPÁ UM HLUTFALLSLEGA AUKNINGU INNLENDRAR OLÍUNOTKUNAR ÁRIN 2016-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 2000-2015.....	62
MYND 5.3	SPÁ UM MILLILANDANOTKUN Á OLÍU TÍMABILID 2016-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 2000-2015.	63
MYND 5.4	SPÁ UM HLUTFALLSLEGA AUKNINGU MILLILANDANOTKUNAR OLÍU ÁRIN 2016-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 2000-2015.....	63
MYND 5.5	SPÁ UM NOTKUN OLÍU EFTIR MEGINFLOKKUM TÍMABILID 2016-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 2000-2015, NOTKUN LANDSMANNA ALLS.	64
MYND 5.6	SPÁ UM NOTKUN OLÍU EFTIR TEGUNDUM TÍMABILID 2016-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 2000-2015, NOTKUN LANDSMANNA ALLS.	64
MYND 5.7	SPÁ UM NOTKUN NÝRRA ORKUGJAFÁ Í STAÐ OLÍU EFTIR MEGINFLOKKUM TÍMABILID 2016-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 2000-2015, NOTKUN LANDSMANNA ALLS Í OLÍUGILDI.....	65
MYND 6.1	SPÁ UM INNLENDANOTKUN OLÍU ÁSAMT VIKMÖRKUM.....	73
MYND 6.2	SPÁ UM MILLILANDANOTKUN OLÍU ÁSAMT VIKMÖRKUM.	73
MYND 6.3	SPÁ UM INNLENDANOTKUN OLÍU OG NÝRRA ORKUGJAFÁ ÁSAMT VIKMÖRKUM.	74
MYND 6.4	SPÁ UM MILLILANDANOTKUN OLÍU OG NÝRRA ORKUGJAFÁ ÁSAMT VIKMÖRKUM.	74
MYND 7.1	SAMANBURÐUR Á SPÁM UM ELDSNEYTISNOTKUN, INNLEND NOTKUN OLÍU.	76
MYND 7.2	SAMANBURÐUR Á SPÁM UM ELDSNEYTISNOTKUN, MILLILANDANOTKUN OLÍU.....	77
MYND 7.3	SAMANBURÐUR Á SPÁM UM ORKUNOTKUN, NOTKUN FISKISKIPA. ORKUKAUP Á ÍSLANDI, BÆÐI OLÍA OG NÝIR ORKUGJAFAR, OLÍUGILDI.....	77
MYND 7.4	SAMANBURÐUR Á SPÁM UM ORKUNOTKUN, NOTKUN BIFREIÐA OG TÆKJA, BÆÐI OLÍA OG NÝIR ORKUGJAFAR, OLÍUGILDI.	78

Inngangur

Orkuspárnefnd er samstarfsvettvangur nokkurra helstu fyrirtækja, stofnana og samtaka í orkuviðnaðinum á Íslandi auk Hagstofu Íslands og Þjóðskrár. Nefndin hefur starfað síðan 1976 eða í fjóra áratugi og á því tímabili hefur hún sent frá sér fjölmargar orkuspár. Á nokkurra ára fresti hefur nefndin endurskoðað spár um einstaka orkugjafa frá grunni, og hafa þá allar forsendur og aðferðir verið endurmetnar.

Nú eru starfandi þrjár vinnuhópar á vegum Orkuspárnefndar, og sér hver þeirra um undirbúning orkuspár á sínu sviði, þ.e. eldsneytisspár, jarðvarmaspár og raforkuspár. Við endurskoðun eldsneytisspár núna og raforkuspár á síðasta ári var hópunum falið að endurskoða almennu forsendurnar og hafa þær verið gefnar út í sérstakri skýrslu. Eldsneytishópur nefndarinnar hefur unnið þessa spá en í honum eiga sæti fulltrúar frá atvinnulífnum, Umhverfisstofnun og Orkustofnun. Eldsneytishópurinn er nú þannig skipaður:

<i>Orkustofnun:</i>	<i>Ágústa Loftsdóttir, formaður</i> <i>Anna Lilja Oddsdóttir</i>
<i>Samtök iðnaðarins:</i>	<i>Bjarni Már Gylfason</i>
<i>Samtök verslunar og þjónustu:</i>	<i>Magnús Ásgeirsson</i>
<i>Umhverfisstofnun:</i>	<i>Kristján Andrésson</i>
<i>Ritari eldsneytishóps:</i>	<i>Jón Vilhjálmsson, EFLA verkfræðistofa</i>

Jónas Hlynur Hallgrímsson hjá EFLU verkfræðistofu hefur setið fundi hópsins.

Ritari hópsins hefur stýrt vinnunni og hefur hann ásamt Ingvari Baldurssyni unnið eldsneytisspána. Vinna hópsins er kostuð af Orkustofnun. Eldsneytisspá kom síðast út árið 2008 og síðan var hún endurreiknuð árið 2012. Byggir þessi spá á þeim grunni sem lagður var þar og nýjum upplýsingum sem safnað hefur verið á undanförunum árum um eldsneytisnotkun og aðra þætti sem tengjast spánni.

Ýmsir aðilar hafa komið að gerð eldsneytisspárinnar og veitt hópnum upplýsingar um afmarkaða þætti sem tengjast henni. Eftirtaldir hafa komið á fundi hópsins í tengslum við gerð spárinnar:

<i>Björn Ævarr Steinarsson, Hafrannsóknastofnunin</i>	<i>04/02/2016</i>
<i>Guðbergur Rúnarsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi</i>	<i>04/02/2016</i>
<i>Birgitta Gunnarsdóttir, Icelandair</i>	<i>14/04/2016</i>
<i>Grétar Már Garðarsson, Isavia</i>	<i>14/04/2016</i>

Orkuspárnefnd þakkar ofangreindum aðilum aðstoðina sem og öðrum sem komið hafa að gerð þessarar spár.

Vinnslu efnis og frágang texta hafa Jón Vilhjálmsson og Jónas Hlynur Hallgrímsson hjá EFLU verkfræðistofu annast. Hægt er að nálgast skýrsluna á heimasíðu Orkustofnunar, á svæði Orkuspárnefndar, orkuspa.is.

1. Helstu niðurstöður

Í þessari skýrslu er fjallað um áætlaða eldsneytissölu á Íslandi fram til ársins 2050 og er bæði sýnd notkunin hér innanlands og í flutningum á milli landa. Þrír orkugjafar eru notaðir í þessum tilgangi og er hlutur olíunnar langstærstur en mun minna er notað af kolum og gasi hérlendis. Þar að auki er áætluð sú notkun jarðefnaeldsneytis sem mun á næstu áratugum færast yfir á nýja orkugjafa. Ekki er skilgreint hvaða orkugjafa þar er um að ræða en þeir gætu t.d. verið raforka, jarðvarmi, metan, metanól, vetni og eldsneyti unnið úr lífmassa, svo sem plöntum. Til grundvallar spánni eru lagðar forsendur um þróun mannfjölda, landsframleiðslu, sjávarfangs og flutninga innanlands og milli landa þar sem fjölgun ferðamanna til landsins skiptir miklu máli. Notkun er áætluð fyrir einstaka þætti og síðan er tekin saman innlend notkun og millilandanotkun. Í þessari spá er horft á alla sölu hér innanlands, bæði til innlendra og erlendra aðila, en ekki tekin með nein notkun íslenskra fyrirtækja sem tekin er erlendis. Við meðhöndlun og flutnings eldsneytis verður alltaf einhver rýrnun svo sem vegna uppgufunar og er hún áætluð og lögð við sölu til að fá áætlaðan innflutning. Ekki er reynt að meta breytinga á starfsreglum þjóðfélagsins sem eru tilkomnar vegna lagabreytinga og nýrra reglugerða frá stjórnvöldum og er þetta því svokölluð „Business as usual“, spá.

Árið 2015 var innlend notkun olíu 523 þúsund tonn og olía seld hér á landi til millilandaflutninga 261 þúsund tonn. Um 92% af olíunotkuninni er vegna samgangna á landi og fiskveiða, þar sem olía er nær einráð, en búist er við að aðrir orkugjafar verði búnir að ná góðri fötfestu í þessum greinum við lok spátímabilsins. Af einstökum flokkum í innlendu notkuninni er notkunin mest hjá bifreiðum og tækjum en næst mest nota fiskiskip en frá því að síðasta spá var gerð árið 2008 hefur notkun í báðum þessum flokkum minnkað nokkuð. Spáin um notkun olíu er sýnd í töflu I en nánar er fjallað um hana í kafla 5.

Tafla I **Spá um sölu olíu á Íslandi.**

Ár	Innlend notkun þús. tonn	Millilanda- notkun þús. tonn	Samtals þús. tonn
2015*	523	261	784
2020	531	413	944
2025	500	463	963
2030	457	515	972
2035	408	562	970
2040	371	600	970
2050	313	635	948

Járblendiverksmiðjan á Grundartanga notar nær öll þau kol sem flutt eru til landsins. Um var að ræða 139 þúsund tonn árið 2015. Gasnotkun er lítil hér á landi en á síðasta ári nam hún um 2,5 þúsund tonnum af gasi og spáð er að notkunin rúmlega tvöfaldist til loka spátímabilsins.

Miðað við að olíuverð haldist en um sinn lágt en fari síðan að hækka í samræmi við alþjóðlegar verðspár, sjá kafla 2. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur til lengri tíma litið verði 2,0%, þó hærrí á næstu árum eða um 2,5% að jafnaði til 2030 í samræmi við spár Hagstofu Íslands.


Sú spá, sem hér er sett fram, er byggð á fyrirliggjandi gögnum og á ýmsum forsendum sem gert er grein fyrir í kafla 4 og í almennu forsendum orkuspánna. Þessar forsendur telur orkuspárnefnd þær traustustu miðað við núverandi aðstæður. Ógerlegt er að sjá nákvæmlega fyrir um þróun þeirra þátta sem spáin byggist á og því eru einnig könnuð áhrif breyttra forsendna á notkunina. Skilgreindar eru svokallaðar lág- og háspár en þær gefa til kynna þá óvissu sem í

spánni er. Frekar er fjallað um þessa óvissu í kafla 6 hér að aftan. Í kafla 7 er þessi spá borin saman við eldri spár orkuspárnefndar um olíunotkun frá 1988, 1995, 2001 og 2008.


Samkvæmt spánni mun notkunin olíu hér innanlands að mestu standa í stað á næstu árum en fer síðan að minnka upp úr 2020 er nýir orkugjafar fara að auka verulega hlutdeild sína, sjá mynd I. Verulegri aukningu verður í notkun olíu vegna millilandasamgangna sérstaklega á allra næstu árum. Við lok spátímabilsins hefur hægt verulega á aukningu millilandanotkunar m.a. vegna tilkomu nýrra orkugjafa og vegna þess að farið er að gæta mettnaráhrifa en þá verður millilandanotkunin orðin um tvöfalt meiri en innlenda notkunin.

Á allra síðustu áraum hafa orðið verulegar breytingar á olíunotkun hér á landi en notkun hér innanlands hefur minnkað en á sama tíma hefur millilandanotkun aukist og búist er við að þessi þróun haldi áfram. Spár orkuspárnefndar um notkun olíu hafa staðist þokkalega og þegar horft er á innlendu notkunina var fyrsta eldsneytisspá nefndarinnar lengi vel lægri en raunveruleg olíunotkun en á síðustu árum er hún svipuð, sjá mynd II. Spárnar frá 1995 og 2001 voru verulega hærri en sú frá 1988 og stóðust þær vel til að byrja með en að undanförmu hafa þær reynst of háar. Spáin frá 2008 hefur reynst helst til há en endurreiknuð spá frá 2012 hefur staðist vel.


Notkun í millilandaflutningum hefur aukist mikið á undanförmum árum og hafa spárnar yfirleitt reynst of lágar, sjá mynd III. Spáin frá 2001 var lengi vel of há en á síðasta ári er hún komin undir raunnotkunina. Mikil aukning hefur verið í millilandanotkuninni undanfarnin ár eins og fram kemur á myndinni og er nú gert ráð fyrir að hún vaxi hratt áfram til að byrja með en síðan hægi verulega á vextinum en árið 2050 er nýja spáin um 60% hærri en spáin frá 2008 hvað varðar millilandanotkunina. Ástæða aukinnar notkunar hér er aukinn fjöldi ferðamanna sem kemur til landsins enda fer meginhluti millilandanotkunarinnar á flugvélar. Undanfarnin ár hefur fjölgun ferðamanna hér á landi verið mun meiri en í nágrannalöndunum og er tekið tillit til þess til að byrja með en til lengri tíma litið er tekið mið af alþjóðlegum spám um þróun þessarar starfsemi.



Mynd I **Spá um innlenda notkun olíu tímabilið 2016-2050 ásamt rauntölum árunna 2000-2015.**



Mynd II **Samanburður á spám um eldsneytisnotkun, innlend notkun olíu.**



Mynd III **Samanburður á spám um eldsneytisnotkun, millilandanotkun olíu.**

2. Notkun olíu og olíuverð

Olía hefur verið mest notaði orkugjafinn í heiminum undanfarna áratugi og í samgöngum hefur hún verið nánast alls ráðandi. Stærstu þekktu olíulindir heimsins eru í Arabaríkjunum við Persaflóa en aftur á móti hefur notkunin lengi vel verið mest í Norður Ameríku og Evrópu. Á undanföllum árum hefur notkunin aukist mikið í Asíu, sérstaklega í Kína, samhliða miklum efnahagslegum uppgangi þar og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Milliríkjavíðskipti með olíu eru því mikil. Miklar breytingar hafa orðið á olíu- og gasmörkuðum undanfarin ár, sérstaklega í Bandaríkjunum, samhliða miklum uppgangi í vinnslu á gasi og olíu úr leirlögum með vökvasondrun (hydraulic fracturing) og vinnslu á olíu úr olíusandi í Kanada. Þessar breytingar hafa síðan áhrif á verð á eldsneyti um allan heim og á það einnig við hér á landi.

2.1 Verðþróun á alþjóðamarkaði og olíunotkun í heiminum síðustu áratugi


Á fyrri hluta síðustu aldar og allt fram á áttunda áratuginn var olíuverð nokkuð stöðugt og fór olíunotkun í heiminum hratt vaxandi. Samhliða aukinni notkun fundust miklar olíulindir, einkum í Arabaríkjunum við Persaflóa, á tímabilinu 1935 til 1970. Kostnaður við vinnslu hverrar olíutunnu úr þessum lindum er mjög lítil.

Á áttunda áratuginum urðu miklar sviptingar á olíumörkuðum. Haustið 1973 skall á styrjöld milli Ísraels og Arabaríkjanna. Ríki í samtökum olíuútflutningsríkja (OPEC) skipuðu þá olíufélögum að draga úr olíuvinnslu og bönnuðu útflutning til Bandaríkjanna og Hollands. Skelfing greip um sig á olíumörkuðum sem leiddi af sér þre- til fjórföldun á olíuverði eins og fram kemur á mynd 2.1 en þar er sýnd þróun hráolíuverðs frá árinu 1970.

Hækkun olíuverðs leiddi af sér samdrátt í efnahagslífi Vesturlanda og olíunotkun minnkaði. Fljótlega fór hagvöxtur aftur vaxandi og eftirspurn eftir olíu jókst að nýju jafnframt því sem hömlum á útflutningi OPEC ríkja til ákveðinna landa var aflétt. Í kjölfar byltingarinnar í Íran árið 1979 hækkaði olíuverð aftur verulega og náði það hámarki árið 1981 og hafði þá rúmlega tvöfaldast að raungildi frá ársbyrjun 1979.


Í kjölfar þessarar síðari hækkunar olíuverðs skall á kreppa í iðnríkjunum, olíunotkun í heiminum minnkaði og olíuvinnsla ríkja utan OPEC jókst. Vegna hærra olíuverðs jókst orkusparnaður og aðrir orkugjafar komu í stað olíu svo sem kol við raforkuvinnslu. Að auki hafði í kjölfar fyrri olíukreppunnar verið farið út í framkvæmdir til að minnka olíunotkun en einnig hafði olíuleit utan OPEC ríkjanna aukist og nú fóru þessar aðgerðir að skila sér að fullu. Af þessum sökum minnkaði olíunotkun á næstu árum og hlutur OPEC ríkjanna í olíuvinnslunni minnkaði verulega, sjá mynd 2.2.

Olíuvinnsla í heiminum var í lágmarki árin 1982 og 1983 en samhliða lækkun olíuverðs jókst hún að nýju á seinni hluta níunda áratugar síðustu aldar. OPEC ríkin sættu sig ekki við minnkandi hlutdeild í olíumarkaðinum auk þess sem sum OPEC ríkin voru að framleiða umfram fyrirfram ákveðinn mörk sem samið hafði verið um meðal OPEC ríkjanna til að viðhalda verðstöðugleika. Í lok árs 1985 ákváðu OPEC ríkin (og sérstaklega Sádi Arabía sem dregið hafði úr framleiðslu sinni til að viðhalda umsamdri heildarframleiðslu olíu OPEC ríkjanna og þar með verðstöðugleika) að reyna að tryggja sér það sem þau kölluðu réttláta hlutdeild í markaðinum og juku framleiðslu sína. Í kjölfar þessarar ákvörðunar lækkaði olíuverð. Þegar Írakar réðust síðan inn í Kuwait árið 1990 hækkaði olíuverð nokkuð en sú hækkun stóð einungis skamma hríð. Olíuverð helst síðan lágt allt til ársins 2004 og fór á þessu tímabili notkun olíu í heiminum vaxandi og árið 1996 fór hún yfir hámarkið frá 1979. Á árunum eftir 2004 hækkaði olíuverð mikið og hefur aldrei verið eins hátt og árin 2013 og 2014.



Mynd 2.1 **Meðalverð á hráolíu, Arabian Light, 1. janúar árin 1970 til 1987 og Brent Spot Price 1988 til 2016.**

Heimild: Energy Information Administration, 2016a.



Mynd 2.2 **Vinnsla hráolíu í heiminum tímabilið 1970 til 2014.**

Heimild: Energy Information Administration, 2016b.

Að undanfögnu hefur verðið lækkað að nýju samhlíða auknu framboði af olíu og gasi m.a. vegna tilkomu vinnslu úr leirlögum í Bandaríkjunum jafnframt því sem áhersla hefur aukist á að minnka

brennslu eldsneytis vegna umhverfisáhrifa. Hlutur OPEC ríkjanna í olíuvinnslunni hefur sveiflast verulega á undanförunum áratugum frá því að vera yfir 50% fyrir olíukreppuna árið 1973 og niður fyrir 30% á fyrri hluta níunda áratug síðustu aldar. Nú er hlutur þessara ríkja rúm 40%.


Á allra síðustu árum hefur notkun olíu í Kína og á Indlandi aukist mikið samhliða miklum hagvexti og þá hefur olíuvinnsla í heiminum aukist að sama skapi verulega eins og fram kemur á mynd 2.2. Síðustu þrjátíu ár (1984-2014) hefur vinnsla hráolíu vaxið um 1,2% á ári að meðaltali en árin 2004-2014 er aukningin 0,6 % á ári að meðaltali. Ákveðnar grundvallarbreytingar hafa orðið á olíumarkaðinum á síðastliðnum árum sem einnig hafa haft áhrif á verðþróunina. Mikil viðskipti með olíu eiga sér stað með framvirkum samningum og eru þau viðskipti líkari verðbréfavíðskiptum frekar en kaupum og sölu á nytjavöru þar sem raunveruleg afhending olíunnar á sér stað í fæstum tilvikum og þess í stað er virði samninganna gert upp áður en til afhendingar kemur (sjá t.d. Reserve Bank of Australia, 2012). Það er umdeilt hversu mikil áhrif þessi viðskipti hafa á verðþróun þeirrar olíu sem skiptir raunverulega um hendur, en þó er fullvíst að viðskiptin með framvirku samningana geta valdið tímabundnum uppsveiflum, og jafnvel tafið fyrir því að verð falli. Markaðurinn er jafnframt mjög viðkvæmur þar sem bæði framboðs- og eftirspurnarhlið markaðarins eru mjög verðteygjin, sem gerir það að verkum að t.d fréttir af bilunum í olíuhreinsunarstöðvum, náttúruhamförum, pólitískum óstöðugleika og fleira í þeim dúr veldur miklum verðsveiflum.

Í kjölfar hækkana á olíuverði á áttunda áratuginum var lögð aukin áhersla á olíuleit og fór hlutfall sannreyndra olíulinda og vinnslu hækkandi, sjá mynd 2.3. Á sama tíma breytti OPEC reglum sínum um sölukvóta einstakra ríkja, og tengdi hann sannreyndum olíulindum. Á einni nóttu jukust sannreyndar olíulindir einstakra OPEC ríkja ótrúlega mikið, en sannreyndar olíulindir eru gefnar upp af þjóðunum sjálfum. Það ríkir því nokkur óvissa um umfang þessara linda. Frá því snemma á tíunda áratug síðustu aldar og allt fram til 2006 stóðu sannreyndar olíulindir að mestu í stað í hlutfalli við vinnsluna en jukust að raungildi þar sem vinnslan fór vaxandi. Síðan þá hafa sannreyndar olíulindir vaxið mikið líklega vegna tilkomu á olíulinda úr leirlögum þar sem beitt er vökvasundrun og hagnýtingar á olíusandi. Eins og fram kemur á myndinni endast sannreyndar olíulindir rúm 50 ár miðað við núverandi olíunotkun en hafa þarf í huga að veruleg óvissa er í þessum tölum.

Það er mismunandi hversu dýrt er að vinna olíu úr þessum lindum með núverandi tækni. Gera má ráð fyrir að fyrst sé unnið úr þeim lindum sem ódýrt er að vinna úr og beðið með hinar. Lágt olíuverð um þessar mundir dregur úr áhuga á olíuleit og gera má ráð fyrir að hún verði í lágmarki uns verð hækkar að nýju. Þrátt fyrir það má gera ráð fyrir auknum áherslum á nýja orkugjafa og orkusparnað vegna aukinnar áherslu þjóða á að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda.

2.2 Verðþróun innanlands og olíunotkun Íslendinga síðustu áratugi

Verð á innfluttum olíuvörum til Íslands hefur eðlilega fylgt sveiflum á heimsmarkaðsverði á hráolíu sem fjallað var um hér að framan. Verðhækkanir á eldsneyti á áttunda áratugi síðustu aldar höfðu veruleg áhrif hér á landi eins og hjá öðrum þjóðum. Fyrir olíukreppurnar á áttunda áratug síðustu aldar samsvaraði kostnaður við innflutning á eldsneyti um 10% af tekjum af vöruútflutningi, sjá mynd 2.4. Þetta hlutfall náði hámarki við lok þess áratugar og hafði þá tvöfaldast en síðan lækkaði hlutfallið að nýju og var yfirleitt innan við 10% næstu tæpa tvo áratugi (1986 til 2003). Síðan fór olíuverð að hækka að nýju eins og fram kemur hér að framan og næstu tíu ár var hlutfallið 10-15% en árið 2014 nálgast þetta hlutfall síðan hámarkið sem átti sér stað fyrir um þrjátíu árum síðan en árið 2015 lækkaði það að nýju og var um 14%.. Lækkun olíuverðs að undanförunu hefur síðan skilað verulegri lækkun á þessu hlutfalli.




Mynd 2.3 **Fjöldi ára sem sannreyndar olíulindir munu duga miðað við vinnslu viðkomandi árs (sannreyndar olíulindir eru þær lindir sem olíuframleiðsluríki gefa upp).**


Heimild: BP, 2015.

Verð á olíuvörum á innanlandsmarkaði hefur sveiflast á líkan hátt og innflutningsverðið eins og fram kemur á mynd 2.5. Verð á gasolíu hækkar mikið á árinu 2005 þegar olíugjald kom á gasolíu til bifreiða í stað þungaskatts. Eins og fram kemur á mynd 2.5 hafa verið nokkrar sveiflur í verði á olíuvörum hér á landi og eru þær í takt við sveiflur í verði á hráolíu sbr. mynd 2.2 en vegna þess hve stór hluti af verðinu frá dælu eru skattar og annar tregbreytanlegur kostnaður eins og t.d dreifingar- og sölukostnaður minnka þessar sveiflur verulega þegar komið er yfir í verð til neytenda. Eins og sést á myndinni hefur olíuverð verið lágt meirihluta tímans sem sýndur er þar sérstaklega til atvinnureksturs þar sem skattar hafa verið litlir á gasolíu. Hvati til að nýta aðra orkugjafa en olíu hafa því lengstum verið litlir en þegar verðið hefur verið hátt hefur áhugi á slíku aukist. Samhliða háu olíuverði árin 2008-2014 hefur umræða um umhverfisáhrif af brennslu eldsneytis aukist mikið sem hefur ýtt undir nýtingu annarra orkugjafa en olíu. Hafa þarf í huga þegar mynd 2.5 er skoðuð að um er að ræða listaverð og umtalsverðir afslættir geta verið frá því verði og hafa líkleg aukist seinni hluta tímabilsins.

Í töflu 2.1 er sýnd olíunotkun Íslendinga skipt niður á innlenda notkun og millilandanotkun. Skilgreining á flokkun eldsneytis er eins í þessari spá og þeirri síðustu og eru því einungis sýndar tölur um sölu hér á landi og er þá meðtalin sala til erlendra aðila. Sala til erlendra fiskiskipa er flokkuð með innanlandsnotkun en var í síðustu spá talin með millilandanotkun. Notkun á gasi og kolum er sýnd í töflu 2.2.



Mynd 2.4 **Verðmæti innflutts eldsneytis (CIF) í hlutfalli við vöruútlutning (FOB).**
Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 2.5 **Meðalverð frá dælu á gasolíu og bensíni 1970-2015 og á gasolíu frá bíl 2008-2015 á verðlagi ársins 2015, listaverð.**
Heimild: Skeljungur og N1.

Tafla 2.1

Olíusala á Íslandi, jarðefnaeldsneyti (úrgangsolía ekki meðtalin).

Ár	Innlend notkun þús. tonn	Millilanda- notkun þús. tonn	Samtals þús. tonn
1990	515	101	616
1991	502	82	584
1992	546	83	630
1993	563	93	655
1994	553	97	650
1995	600	76	676
1996	618	92	710
1997	631	105	737
1998	621	123	745
1999	628	127	756
2000	609	146	756
2001	576	129	705
2002	614	125	739
2003	618	111	729
2004	645	127	773
2005	610	134	744
2006	626	164	789
2007	661	166	827
2008	608	151	759
2009	598	111	710
2010	563	120	682
2011	523	149	672
2012	518	148	666
2013	508	183	691
2014	503	206	709
2015	522	261	782

Eins og fram kemur í töflu 2.1 hefur olíunotkun hér innanlands farið minnkandi undanfarin ár eftir að hún náði hámarki árið 2007. Sveiflur hafa verið þó nokkrar í notkuninni aðallega vegna breytinga í loðnuveiði milli ára. Notkun í flutningum milli Íslands og annarra landa hefur einnig verið sveiflukennd, aðallega vegna mikilla sveiflna í flugi milli Íslands og annarra landa, en síðan 2009 hefur þessi notkun vaxið hratt. Á mynd 2.6 er sýnd sala olíufélaganna á eldsneyti hér á landi eftir tegundum tímabilið 1970-2014. Eins og sést á myndinni fór sala eldsneytis lengi vel vaxandi en meðalaukning eldsneytissölu tímabilið 1985 til 2007 er 2,3% á ári. Salan náði hámarki árið 2007 en salan var um 20% minni árið 2012. Á allra síðustu árum hefur salan aukist um 4% að meðaltali á ári og var olíusalan árið 2015 hin þriðja mesta, á eftir sölnunni á árunum 2007 og 2008. Olíunotkun í iðnaði hefur minnkað mikið þar sem raforka hefur leyst hana mikið til af hólmi í fiskimjölsverksmiðjum þó svo að þar sé áfram hægt að nýta olíu svo sem þegar skortur er á raforku.

Tafla 2.2

Notkun Íslendinga á kolum, gasi og úrgangsolíu 1990-2015.

Ár	Kol þús. tonn	Gas þús. tonn	Úrgangsolía þús. tonn
1990	95	1,2	0,0
1991	97	1,5	0,0
1992	70	1,3	0,0
1993	69	1,4	0,0
1994	102	1,4	1,4
1995	92	1,1	5,0
1996	91	1,4	5,6
1997	95	1,7	4,6
1998	85	1,7	5,2
1999	99	2,0	6,3
2000	137	2,0	6,1
2001	149	2,2	4,0
2002	149	2,1	3,8
2003	148	2,2	0,4
2004	155	2,2	0,9
2005	150	2,4	1,8
2006	151	2,7	0
2007	162	3,1	2,3
2008	140	3,1	2,2
2009	129	2,8	0,9
2010	130	2,6	1,4
2011	136	2,6	1,2
2012	140	2,9	1,2
2013	145	2,5	2,1
2014	132	2,3	0,9
2015	146	2,1	1,6


Í viðauka 1 er nánar fjallað um eldsneytisnotkun síðustu ára. Stór hluti af olíunotkun okkar Íslendinga er í samgöngum, þar sem olían er nær einráð. Á mynd 2.6 sést að sala á bensíni og dísilolíu, sem notuð er á bifreiðar og tæki, hefur minnkað á undanförunum árum m.a. vegna þess að nýjar bifreiðar eru mun sparneytnari en þær eldri. Einnig hafa aðrir orkugjafar verið að koma til sögunnar svo sem metan og raforka auk þess sem lífdísilolía er notuð til íblöndunar.

Verð á olíuvörum hér innanlands má greina niður í nokkra þætti. Í fyrsta lagi er um að ræða innflutningsverðið, síðan bætist við það dreifingar- og sölukostnaður innanlands og þriðji þátturinn er síðan skattar til ríkissjóðs sem hafa verið mestir á bensíni og dísilolíu á bíla. Verð á olíu hér á landi í framtíðinni ræðst því ekki eingöngu af þróun olíuverðs á alþjóðamarkaði heldur ekki síður af skattlagningu ríkisins. Ríkisvaldið getur á þann hátt haft nokkur áhrif á olíunotkunina og hafa sumar þjóðir beitt slíkum aðferðum til að minnka hana og bæta samkeppnisstöðu endurnýjanlegra orkugjafa.

Hér á landi voru sett lög árið 2009 (nr. 129) um umhverfis- og auðlindaskatta og skv. þeim leggst kolefnisgjald á eldsneyti sem inniheldur kolefni af jarðefnauppruna og notað er á fljótandi eða loftkenndu formi eða í iðnaðarferlum. Skatturinn er breytilegur eftir tegund eldsneytis og er fyrir árið 2016 skv. lögum 125/2015 5,25 kr./l fyrir bensín, 6,00 kr./l gas- og dísilolíu, 7,40 kr./kg brennsluolíu og 6,60 kr./kg af jarðolíugasi. Þjóðir heims leggja nú aukna áherslu á að takmarka brennslu jarðefnaeldsneytis vegna gróðurhúsaáhrifa og eru mörg dæmi um að skattlagningu sé beitt til að hafa áhrif á notkunina. Samkvæmt lögum nr. 40 frá 2013 bar söluaðilum eldsneytis að tryggja að minnst 3,5% orkugildi heildsölu af eldsneyti til notkunar í samgöngum væri


endurnýjanlegt eldsneyti á árinu 2014 og að þetta hlutfalli væri síðan 5% frá 1. janúar 2015. Olíufélögin hafa mætt þessu með íblöndun á lífdísilolíu í dísilolíu á bifreiðar og etanóls í bensín, sem og sölu metans. Einnig geta lög um loftlagsmál nr. 70 frá 2012 haft áhrif á eldsneytisnotkun en þar eru ákvæði um losunarleyfi vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda.

Verð á olíuvörum er mishátt eftir löndum sem stafar af miklum hluta af mismunandi skattlagningu, en samanburður milli landa stýrist einnig af gengi gjaldmiðla. Á mynd 2.7 er sýnt meðalverð á bensíni í aðildarlöndum OECD á 1. ársfjórðungi árið 2015 og á mynd 2.8 er meðalverð á gasolíu frá dælu á sama tíma. Verð á bensíni er samkvæmt þessu frá 0,65 Bandaríkjadöllum á lítra upp í 1,8 Bandaríkjadala á lítra. Af þessum 34 löndum er Ísland í 26. sæti. Hafa þarf þó í huga að dreifingarkostnaður er vætanlega meiri hér á landi en í mörgum öðrum löndum sökum þess hve landið er strjálbýlt. Varðandi dísilolíu er Ísland um miðjan hóp eða í 16. sæti af 32 þjóðum.




Mynd 2.6 **Sala olíufélaganna ásamt innflutningi Flugleiða á olíu 1970 til 2015.**

Heimild: Orkustofnun og Orkusparnefnd.



Mynd 2.7 **Meðalverð með sköttum á blýlausu bensíni (95 oktan premium (95 RON) nema í Japan unleaded regular) í aðildarríkjum OECD á 1. ársfjórðungi árið 2015.**

Heimild: International Energy Agency, 2015a.



Mynd 2.8 **Meðalverð með sköttum á gasolíu frá dælu til atvinnustarfsemi í aðildarríkjum OECD á 1. ársfjórðungi árið 2015 (for commercial purposes).**

Heimild: International Energy Agency, 2015a.

2.3 Lög og reglugerðir stjórnvalda til að hafa áhrif á eldsneytisnotkun

Á undanförunum árum hefur verið mikil umræða um áhrif brennslu jarðefnaeldsneytis á veðurfar á jörðinni og alþjóðlegir samningar hafa verið gerðir til að takmarka slíkt. Ísland hefur verið aðili að slíkum samningum og skuldbundið sig til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Til að stuðla að því að markmið Íslands náist hafa verið sett ýmis lög sem eiga að stuðla að minni brennslu jarðefnaeldsneytis en þau helstu eru:

- Lög um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129, 23. desember 2009.
- Lög um loftslagsmál nr. 70, 29. júní 2012 þar sem m.a. er fjallað um losunarleyfi vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum iðnaði, orkuframleiðslu og flugstarfsemi.
 - o Reglugerð um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir nr. 365/2014.
- Lög um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi nr. 40, 5. apríl 2013 þar sem settar eru kröfur til söluaðila eldsneytis um að tryggja að ákveðið hlutfall sölu þeirra til samgangna á landi sé endurnýjanlegt eldsneyti.

Einnig hefur tekjuöflunarkerfi ríkisins af samgöngum verið breytt á undanförunum árum til að stuðla að notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Þar á meðal má nefna breytingar sem gerðar hafa verið á eftirfarandi lögum:

- Lög um bifreiðagjald nr. 39, 20. maí 1988. Þeim lögum hefur verið breytt þannig að gjaldið er háð losun á CO₂ auk ákvæðis um bifreiðar sem nota metan.
- Lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl. nr. 29, 13. apríl 1993. Þessum lögum hefur m.a. verið breytt þannig að gjald er háð losun á CO₂.

Síðan hefur verið felldur niður virðisaukaskattur vegna nýrra rafmagns- vetnis og tengitvinnbíla og hefur sú undanþága verið veitt í eitt á í senn. Einnig hefur verið undanþága varðandi fólksflutningabíla sem uppfylla EURO 5 staðal ESB. Olíugjald er síðan lagt á olíunotkun bifreiða en ekkert sambærilegt gjald er á raforkunotkun bifreiða.

Í þessari spá er ekki gert ráð fyrir nýjum lögum til að stuðla að orkuskiptum en gert er ráð fyrir að fyrrnefnd ákvæði verði áfram í gildi svo lengi sem þörf er á þeim til að tryggja samkeppnishæfni nýrra orkugjafa í samgöngum.

2.4 Reynslan af eldsneytisspám Orkusparnefndar


Orkusparnefnd hefur nú starfað í um þrjá áratugi og á þeim tíma hefur hún gefið út fjórar eldsneytisspár fyrir utan þá sem hér er fjallað um. Fyrsta spáin kom út á árinu 1980 og náði sú spá til tímabilsins 1980-2000. Byggt var á gögnum olíufélaganna um sölu hér á landi árið 1978 og þá bæði til Íslendinga og útlendinga og ekki var greint á milli innlendrar notkunar og millilandanotkunar. Næsta spá kom út á árinu 1988 og náði hún til tímabilsins 1988 til 2015. Hún fjallaði bæði um eldsneytisnotkun á Íslandi og notkun við flutninga milli Íslands og annarra landa og þar meðtalin kaup á eldsneyti erlendis vegna allra flutninga að og frá landinu. Í innanlandsnotkuninni var sleppt sölu til erlendra aðila svo sem til erlendra fiskiskipa. Af þessum sökum eru þessar tvær spár ekki alveg sambærilegar. Þriðja spáin kom síðan út árið 1995 og þar voru notaðar svipaðar forsendur hvað þetta varðar og í spánni frá 1988. Þó var gerð sú breyting á millilandanotkuninni að miðað var við notkun íslenskra fyrirtækja. Fjórða spáin kom út árið 2001 og náði hún til sömu þátta og spáin frá 1995. Þar að auki var gefin út endurreiknuð spá á árinu 2005. Fimmta spáin kom síðan út á árinu 2008 og var hún endurreiknuð árið 2012. Þá var skilgreiningum breytt nokkuð frá fyrri spá og einungis horft á viðskipti með eldsneyti hér á landi.

Til að bera fyrri spár saman við rauntölur eru fyrri spárnar færðar yfir á sama grunn og spáin frá 2008. Innlenda notkunin samkvæmt spánni frá 1980 er fengin með því að draga þotueldsneyti frá heildarnotkuninni og að leggja við áætlaða notkun innanlands á þotueldsneyti. Spána frá 1988 um innlendu notkunina er notuð óbreytt í þessum samanburði en dregin voru 15 þúsund tonn frá spánum frá 1995 og 2001 vegna kaupa fiskiskipa á eldsneyti erlendis.


Á mynd 2.9 er sýndur samanburður á innlendri notkun í eldsneytisspánum og rauntölum. Hér er sala til erlendra fiskiskipa talin með millilandanotkuninni til að hafa sambærilegar tölur eins og verið hafa í fyrri spám. Fyrsta spáin ofmat notkunina til að byrja með en síðan hefur hún reynst of lág. Spáin frá 1988 áætlaði svipaða notkun og fyrri spáin og var of lág fyrstu tvo áratugina en hefur síðustu fimm ár verið heldur meiri en raunveruleg notkun. Spáin frá 1995 stóðst vel til að byrja með hvað varðar innlendu notkunina eins og sést á myndinni en á undanförmum árum hefur hún reynst of há. Spárnar frá 2001 og 2008 stóðust vel til að byrja með en síðan hafa þær reynst of háar. Þegar tvær fyrstu spárnar voru unnar var búist við að til lengri tíma lituð yrði eldsneytisverð hátt og af þeim sökum yrði mikill hvati til eldsneytissparnaðar. Á mynd 2.10 er spáin frá 2008 sýnd til loka spátímabilsins auk endurreiknuðu spárinnar frá 2012 og sést þar að endurreiknaða spáin lækkaði aðallega vegna þess að raunnotkun árána 2008-2011 var minni en spáin frá 2008 gerði ráð fyrir.

Millilandanotkunin er að lang stærstum hluta þotueldsneyti og er það því flugi að og frá landinu sem ræður mest um þróun hennar. Þegar lituð er á millilandanotkunina á mynd 2.11 sést að spáin frá 1980 reyndist vel fyrstu árin en var síðan nokkuð undir notkuninni. Bæði spáin 1988 og 1995 hafa reynst of lágar til lengri tíma. Í spánum frá 2001 og 2008 var gert ráð fyrir mikilli fjölgun erlendra ferðamanna til landsins og þar af leiðandi mikilli aukningu í flugi að og frá landinu. Þær spár reyndust of háar árin 2009 til 2013 vegna hinnar miklu niðursveiflu sem varð í efnahagsmálum um 2008 og leiddi af sér mikla fækkun ferðamanna. Notkunin árið 2014 er nánast sú sem spáð var árið 2008 en árið 2015 var hún verulega hærrí en þessar spár. Á mynd 2.12 eru sýnd spáin frá 2008 og endurreiknuð spá frá 2012. Þar sést að þessi notkun virðist vera að stefna í að verða meiri en spáin frá 2008 en endurreikningurinn frá 2012 hefur staðist nokkuð vel en er þó farinn að vera lægri en raunnotkunin. Athyglisverðar eru hinar miklu sveiflur sem eru í millilandanotkuninni enda er þessi þáttur mjög næmur fyrir efnahagslegum aðstæðum og pólitísku ástandi í heimsmálunum. Nánast ómögulegt er að spá fyrir um þessar sveiflur og á því spáin að sýna langtíma þróunina.


Meginástæða þess að innlenda notkunin reyndist lengi vel meiri en spáð var í fyrstu tveimur eldsneytisspám nefndarinnar er að notkun fiskiskipa jókst verulega á fyrri hluta tíunda áratugar síðustu aldar og síðan varð einnig nokkur aukning í notkun bifreiða og tækja. Hafa þarf jafnframt í huga að eldsneytisverð var mjög lágt á þessu tímabili. Ef horft er á notkun bifreiða og tækja sést að spár um bensínnotkun stóðust vel fram á síðustu ár en þá tók þessi notkun að minnka vegna þess að hlutdeild dísilvéla í nýjum fólksbílum hefur aukist meira en ráð var fyrir gert auk þess sem náðst hefur meiri árangur í að bæta eldsneytisnýtingu bílavéla en búist var við, sjá mynd 2.13. Notkun á dísilolíu á bifreiðar og tæki jókst mikið árin 2003 til 2007 en minnkaði síðan að nýju eins og fram kemur á mynd 2.14. Meginskýringin á þessum toppi er að notkun tækja var í hámarki á árunum 2004 til 2007 samhliða miklu verklegum framkvæmdum hér á landi en síðan þá hefur þessi notkun minnkað mikið. Notkun fiskiskipa jókst mikið á árunum 1985 til 1996 en síðan hefur hún minnkað að nýju og árið 2014 var hún minni en hún hefur verið í yfir þrjátíu ár og á árinu 2015 var notkunin hin næstmínsta. Spárnar um þennan þátt hafa því undanfarnin ár verið of háar. Notkun brennsluolíu og gasolíu hefur reynst heldur minni en búist var við í síðustu spá sem stafar af rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja, lítilli loðnuveiði og verulegri minnkun eldsneytisnotkunar fiskiskipa m.a. vegna betri fiskveiðistjórnunar.




Mynd 2.9 Samanburður á spám um notkun olíu og raunnotkun, innlend notkun.
 Heimild: Orkuspárnefnd, 1980, 1988, 1995, 2001 og 2008.



Mynd 2.10 Samanburður á spá frá 2008 og endurreikningi frá 2012 um notkun olíu og raunnotkun, innlend notkun.
 Heimild: Orkuspárnefnd, 2008 og 2012.




Mynd 2.11 Samanburður á spám um notkun olíu og raunnotkun, millilandanotkun.
 Heimild: Orkuspárnefnd, 1980, 1988, 1995 og 2001.




Mynd 2.12 Samanburður á spá frá 2008 og endurreiknaðri spá frá 2012 um notkun olíu og raunnotkun, millilandanotkun.
 Heimild: Orkuspárnefnd, 2008 og 2012.

C




Mynd 2.13 Samanburður á spám um bensínnotkun og raunnotkun.

Heimild: Orkuspárnefnd, 1980, 1988, 1995, 2008 og 2008.



Mynd 2.14 Samanburður á spám um notkun dísilolíu og steinolíu á bifreiðar og tæki og raunnotkun.

Heimild: Orkuspárnefnd, 1980, 1988, 1995, 2008 og 2008.



Mynd 2.15 **Samanburður á spám um notkun olíu í innlendum fiskiskipum sem er tekin hér á landi.**

Heimild: Orkuspárnefnd, 1980, 1988, 1995, 2008 og 2008.

3. Aðferðir, stutt lýsing

Eldsneytisnotkun Íslendinga er háð mörgum þáttum þjóðlífs og alþjóðamarkaðar. Nefna má mannfjölda, afkomu fólks, framleiðslu og samsetningu atvinnulífsins, verði á eldsneyti hér heima og erlendis og svo mætti lengi telja. Vinnuferli eldsneytisspár sem og annarra spáa orkuspárnefndar skiptist í tvennt. Annars vegar eru metnar almennar forsendur sem ganga inn í spárnar og er þeim lýst í sérstöku riti sem nefndin tekur saman á hverju ári og birt er á heimasíðu hennar. Í kafla 4 er gefið stutt yfirlit um almennu forsendurnar. Í þessari skýrslu eru síðan þessar almennu forsendur tengdar við forsendur um notkun eldsneytis. Rakin er söguleg þróun þeirra þátta sem hafa áhrif á eldsneytisnotkun og gerð tilraun til að spá fyrir um hvað framtíðin ber í skauti sér út frá því. Við vinnslu hennar er ennfremur reynt að bera kennsl á fyrirsjáanlegar breytingar og það sem er líklegt að breytist á komandi áratugum. Orkuspárnefnd og eldsneytishópurinn ákveða hvað er skynsamlegt hverju sinni í þeim efnum. Ekki er reynt að meta breytinga á starfsreglum þjóðfélagsins sem eru tilkomnar vegna lagabreytinga og nýrra reglugerða frá stjórnvöldum og er þetta því svokölluð „Business as usual,“ spá.

Vegna þess hve margir þættir hafa áhrif á útkomu spárinnar er óvissan mikil. Áætlanir um hagvöxt eru notaðar til að meta þróun margra þátta vegna þess að margt ræðst af afkomu þjóðarinnar eins og t. d. vöruflutningar. Bifreiðaeign er metin út frá aldursdreifingu mannfjöldans og bifreiðaeign hvers aldursflokks eftir kyni. Þróun aksturs er þá fundin út frá bifreiðaeigninni en akstur vöruflutningabíla er tengdur hagvexti. Flutningar með flugi taka mið af alþjóðlegum flutningaspám auk þess sem sá þáttur hefur sterk tengsl við hagvöxt hér á landi og í nágrannalöndunum en jafnframt er horft á hina miklu aukningu sem hefur verið undanfarnar ár á flugi að og frá landinu. Dregið hefur úr flutningum með flugi innanlands á undanförunum árum og gert er ráð fyrir að þróunin í innanlandsflugi tengist mannfjöldapróun á spátímanum.. Flutningar með skipum milli hafna hér innanlands hófust að nýju árið 2013 eftir að hafa legið niðri í töluverðan tíma og sigla nú skipafélög umhverfis landið áður en haldið er í erlendar hafnir.

Þegar litið er á meginflokka notkunar er hún mest hjá bifreiðum og tækjum en næst á eftir kemur notkun flugvéla í millilandaflugi og þar næst fiskiskip. Orkunotkun bifreiða ræðst af fyrrnefndum spám um bifreiðaeign og akstur þeirra, skiptingu bifreiða á orkugjafa og þróun orkunotkunar á ekinn km. Spáin fyrir eldsneytisnotkun í millilandaflugi er byggð á fyrrnefndum áætlum um flutninga með flugi og áætlunum um þróun orkunotkunar flugvéla. Varðandi fiskiskip, þá tekur spáin mið af áætlunum fiskifræðinga um afla af Íslandsmiðum næstu árin, samsetningu fiskiskipaflotans og breytingum í orkunotkun vegna orkusparandi aðgerða og bættrar veiðitækni.

Í spánni er gert ráð fyrir tengingu olíuverðs og eldsneytisnotkunar fyrir bifreiðar og er það byggt á erlendum rannsóknum. Mikilvægt er greina sem best áhrif verðbreytinga þegar þær eru eins miklar eins og átt hefur sér stað að undanförunu. Til að hægt sé að útvíkka frekar slíka útreikninga á verðáhrifum vantar upplýsingar um þessi tengsl hér á landi og væri áhugavert að skoða þann þátt á næstu árum.

Búist er við að nýir orkugjafar komi í verulegum mæli í stað olíu á spátímanum og er það einna helst raforka. Þær sviptingar sem orðið hafa á olíumörkuðum á undanförunum 10 árum hvetja til leitar að nýjum orkugjöfum. Inn í reiknilíkanið hafa því verið settir útreikningar á yfirfærslu frá jarðefnaeldsneyti til annarra orkugjafa. Gert er ráð fyrir að notkun nýrra orkugjafa muni aukast hægt til að byrja með, en fari síðan hratt vaxandi þegar þeir hafa náð góðri fótfestu. Miðað er við að þessi þróun fylgi svokölluðum S ferli. Þessari notkun er hér ekki skipt niður á orkugjafa þar sem erfitt er að segja til um hvaða orkugjafi/orkuberi verður ofan á. Þó er vitað að raforka muni auka hlut sinn á þeim sviðum þar sem bein nýting hennar hentar enda hefur hún verið að koma í stað olíu á undanförunum áratugum svo sem í iðnaði. Hafa þarf í huga að breyting sem þessi tekur áratugi en í lok spátímabilsins er notkun nýrra orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis orðin veruleg.

Einn áhrifaþáttanna á eldsneytisnotkun landsmanna er þróun stóriðju. Stóriðjufyrirtækin nota eldsneyti og þá aðallega kol en einnig er hlutur þeirra í gasnotkun nokkur. Flutningar á aðföngum og vörum slíkra fyrirtækja eru miklir og kallar á notkun olíu sem er þó að mestu leyti tekin erlendis. Þrátt fyrir að mikið hafi verið rætt um aukna stóriðju síðustu ár er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum umfram þau stóriðjufyrirtæki sem fullvíst er að hefji starfsemi á spátímabilinu enda illmögulegt að spá fyrir um slíkar breytingar. Þetta er í samræmi við forsendur Orkuspárnefndar við gerð annarra orkuspáa svo sem raforkuspár.

Engar upplýsingar liggja fyrir um sölu eldsneytis eftir svæðum og þess vegna er eldsneytisnotkunin í spánni ekki greind niður á landshluta. Hins vegar væri áhugavert að geta greint notkunina þannig niður á svæði m.a. vegna umhverfisáhrifa af notkun eldsneytis, en meðan engin gögn liggja fyrir um slíkt treystir eldsneytishópur orkuspárnefndar sér ekki til að gera slíka áætlun. Gert er ráð fyrir ákveðinni rýrnun eldsneytis við flutninga til landsins og geymslu.

Auðvelt er að breyta þeim forsendum sem ganga inn í þetta líkan svo sem hvað varðar mannfjölda, mannafla, þróun einstakra atvinnugreina, hlutfallslega orkunotkun, eldsneytisverð og fleira. Því eru reiknuð fleiri en eitt tilvik til að reyna að meta þá óvissu sem er í spánni og út frá því sett fram há- og lágspá. Auðvelt er því að bæta við fleiri sviðsmyndum sem geta nýst svo sem við stefnumótun stjórnvalda.

Aðferðarfræðin sem notuð er við vinnslu þessarar eldsneytisspár hefur verið að þróast allt frá því að fyrsta spáin kom út árið 1979. Ýmislegt hefur þó breyst á þessum árum. Helst ber að nefna breytingar á skilgreiningu þeirrar eldsneytisnotkunar sem er talin er eiga heima í spá sem þessari. Fyrsta spáin fjallaði aðeins um sölu olíu hér á landi og inni í þeim tölum var sala til erlendra aðila en ekki kaup íslenskra fyrirtækja á eldsneyti erlendis. Þetta breyttist í annarri spánni en þar var tekin með öll notkun í flutningum að og frá landinu hvort sem um íslenska eða erlendra aðila var að ræða. Í þriðju og fjórðu spánni var svo tekin með notkun íslenskra fyrirtækja á eldsneyti við millilandaflutninga. Í þessari spá er farin sama leið og í spánni frá 2008 og tekin sala á eldsneyti hér á landi hvort sem hún er til innlendra eða erlendra aðila en sleppt er öllum eldsneytiskaupum íslenskra aðila erlendis.

4. Forsendur

Forsendum eldsneytisspár má skipta niður í tvo meginþætti. Í fyrsta lagi er um að ræða almennar forsendur sem fjalla um efnahag og fjölgun landsmanna, þróun atvinnuveganna, samgöngur og fleira. Þessu er lauslega lýst hér að aftan en ítarlegri upplýsingar er að finna í riti Orkuspárnefndar um almennar forsendur orkuspáa, sjá heimasíðu nefndarinnar (www.orkuspa.is). Hins vegar er um að ræða forsendur orkunotkunar þar sem fram kemur hve mikið eldsneyti heimili, einkabifreiðar og atvinnustarfsemi nota. Hér að aftan er horft á sögulega þróun orkunotkunar hvers þáttar spárinnar og þá sýnd síðustu 33 ár ef þau liggja fyrir (1983-2015). Út frá sögulegri þróun notkunar og mati eldsneytishópsins eru síðan skilgreindar þær forsendur sem notaðar eru til að áætla eldsneytisnotkunina næstu áratugina og eru þær **ská- og feitlætraðar** í textanum í þessum kafla.

4.1 Almennar forsendur

Ýmsir þættir hafa áhrif á notkun eldsneytis eins og fólksfjöldi, fjöldi og akstur bifreiða, ferðalög og uppbygging atvinnulífsins. Þeir eru ekki óháðir heldur innbyrðis tengdir svo sem þannig að gera má ráð fyrir meiri fólksfjölgun þegar efnahagsástand í landinu er gott heldur en þegar það er slæmt. Í skýrslu Orkuspárnefndar um almennar forsendur orkuspáa á árinu 2016 eru raktar þær forsendur sem hér eru notaðar. Þegar gengið var frá þessari skýrslu lágu ekki fyrir öll gögn ársins 2015 og í þeim tilvikum var tekið mið af árinu 2014. Í töflu 4.1 eru helstu forsendurnar sýndar sem hér eiga við og vísast í fyrrnefnda skýrslu um frekari upplýsingar. Í töflunni eru sýndar forsendurnar við upphaf spátímabilsins, árið 2025 og við lok þess árið 2050. Í sumum tilvikum eru ekki sýnd gildi árið 2015 þar sem þær upplýsingar eru þannig í eðli sínu að ekki er hægt að koma þeim fyrir í töflunni og vísast þá í fyrrnefnda skýrslur.

4.2 Spár um þróun olíuverðs

Spár sem gerðar hafa verið síðustu áratugi um þróun olíuverðs hafa flestar vikið verulega frá raunverulegri þróun enda hefur olíuverð stokkið upp og niður á þessu tímabili. Þar sem olían er takmörkuð auðlind hafa flestar spár gert ráð fyrir að verð mundi hækka þegar fram líða stundir samhliða því sem gengur á auðlindina. Í ljós hefur komið að það gengur hægar á þessa auðlind en ráð var fyrir gert þar sem verulegar nýjar olíulindir hafa fundist á síðustu árum, auk þess sem bætt tækni hefur gert það að verkum að hægt er að ná meiru magni úr olíulindum en áður. Á undanförunum árum hefur ný tækni komið til sögunnar sem hefur haft mikil áhrif á olíu- og gasvinnslu en það er vinnsla með vökvasondrun (hydrolic fracking) en með þeirri tækni er hægt að ná gasi og olíu úr leirlögum djúp í jörðu sem ekki var mögulegt áður.

Tafla 4.1 **Almennar forsendur eldsneytisspár.**

Heimild: Orkuspárnefnd, 2016.

Forsenda	2015/2016	2025	2050
Hagvöxtur, %	4,2/3,9	2,5	2,0
Fæðingar, fjöldi barna á hverja konu	2,01	1,95	1,91
Flutningar að og frá landinu	+906	+965	+809
Fiskafli vaxi skv. S ferli upp í langtímaafli. Nær 50% fráviksins á 8 árum			
Hluttur vélbáta í veiði botnfisks, %	51		58
Hluttur ísfisktogara í veiði botnfisks, %	19		10
Hluttur vinnsluskipa í veiði botnfisks, %	30		32
Magn loðnu, þús. tonn	307		400
Magn síldar, þús. tonn	110		200
Magn af kolmuna og makríl, þús. tonn	350		350
Bifreiðatíðni eftir aldri. stendur í stað hjá körlum en hækkar hjá konum			
Fjöldi sendibíla, hópferðabíla og vörubíla fylgir landsframleiðslu en vörubílum fjölga þó einu prósentustigi hægar			
Akstur fólksbíla fyrir verðáhrif, km	12.200*	12.000	11.800
Akstur millistórra flutningabíla, km	12.200*	12.000	11.800
Akstur stórra flutningabíla, km	25.200	26.000	27.000
Notkun tækja, margföldunarstuðull á aukningu landsframleiðslu		0,5*landsfr.	0,5*landsfr.
Aukning innanlandsflugs, fólksflutningar		Fylgir fólksfj.	Fylgir fólksfj.
Aukning innanlandsflugs, fraktflutningar umfram landsframleiðslu		-2 prósentustig	-2 prósentustig
Aukning fólksflutninga í millilandaflugi, margföldunarstuðull	2,5* landsfr.	1,2*landsfr.	0,5*landsfr.
Aukning farþegafjölda í millilandaflugi 2016	37%		
Aukning fraktflutninga í millilandaflugi, margföldunarstuðull	2,4* landsfr.	1,4*landsfr.	0,5*landsfr.
Skipaflutningar innanlands, aukning		0	0
Aukning millilandaflutninga með skipum umfram landsframleiðslu		-1,5 prósentustig.	-1,5 prósentustig

Olíuverð hefur veruleg áhrif á notkunina og hækkunir á áttunda áratugi síðustu aldar leiddu af sér betri orkunýtingu. Þegar olíuverð lækkaði síðan að nýju á níunda áratug síðustu aldar minnkaði hvati til bættrar orkunýtingar en á ýmsum svæðum skilaði þessi lækkun sér ekki að fullu til neytenda þar sem margar þjóðir juku skattlagningu eldsneytis samhliða lækkun hráolíuverðs. Frá 1988 til 2004 var olíuverð yfirleitt á bilinu 20-30 bandaríkjadali á tunnu og þetta lága verð hamlaði þróun nýrrar tækni varðandi orkunýtingu og hamlaði einnig olíuleit. Á tímabilinu 2004 – 2008 hækkaði olíuverð hratt eins og fram kemur í kafla 2 og var nálægt 100 bandaríkjadöllum að meðaltali á árinu 2008 og fór hæst í um 135 bandaríkjadali á árinu 2008.. Hafa ber þó í huga að Bandaríkjadalur var óvenju veikur á þessum tíma og hækkunir eru því ekki eins miklar í öðrum gjaldmiðlum, svo sem evrum. Verð olíu féll mikið á síðari hluta ársins 2008 en og var að meðaltali um 43 bandaríkjadali á árinu 2009. Á árunum 2012-2014 var olíuverð rúmlega 100 bandaríkjadali að meðaltali en féll svo aftur á árinu 2015 og var að meðaltali um 55 bandaríkjadali.

Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á umhverfismál og í því sambandi er mikið rætt um áhrif brennslu eldsneytis á umhverfið og er þar því kominn nýr hvati til bættrar orkunýtingar og til að taka upp aðra umhverfisvænni orkugjafa. Að öllu óbreyttu dregur lágt olíuverð úr hvötum til að leita leiða til að bæta orkunýtni og taka upp aðra umhverfisvænni orkugjafa. Þrátt fyrir lágt olíuverð um þessar mundir er til lengri tíma litið gert ráð fyrir að orkunýtni haldi áfram að aukast enda er búist við að lágt olíuverð nú sé einungis tímabundið ástand.

Miklar verðsveiflur hafa verið á undanförunum árum á alþjóðamarkaði með olíu. Á árunum 2011-2014 var meðalverðið fyrir Brent olíu yfir 100 USD á tunnu. Á árinu 2014 fór að bera á miklu framboði á olíu og féll þá verðið hressilega og meðalverð ársins 2015 var rúmlega 50 USD á tunnu. Verðið hélt áfram að falla á fyrri hluta 2016 og fór á tímabili undir 30 USD á tunnu. Energy Information Agency (EIA) býst við því að verð á bæði Brent og West Texas Intermediate (WTI) eigi eftir að verða um 40 USD á tunnu á árinu 2016 að meðaltali og um 50 USD á tunnu á árinu 2017 (EIA, 2016d).

Til lengri tíma litið býst EIA við því að Brent olía eigi eftir að hækka umtalsvert í verði og að draga muni úr því offramboði sem ríkt hefur á olíumörkuðum. Samkvæmt spá EIA mun verð á Brent olíu verða 79 USD á hverja tunnu árið 2020, 106 USD á tunnu árið 2030 og 141 USD á tunnu árið 2040 (EIA, 2016c). Hér er því um umtalsverða hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu til langs tíma litið. **Hér er gert ráð fyrir að verða á hráolíu á föstu verðlagi verði 79 USD/tunnu árið 2020 og að það fari síðan hækkandi og verði orðið 106 USD/tunnu árið 2030 og 141 USD á tunnu árið 2040. Einnig er gert ráð fyrir að tunnan af olíu muni kosta 150 USD árið 2050. Gert er ráð fyrir að verð á olíu innanlands fylgi þessari verðþróun.**

Gera má ráð fyrir að hækkun eldsneytisverðs að undanförunu og spá sú sem hér er miðað við um hátt verð til lengri tíma litið muni hafa þó nokkur áhrif á eldsneytisnotkun. Hafa ber þó í huga að endanlegt olíuverð til neytenda hérlendis er samansett af fjölmörgum öðrum kostnaðarþáttum en hráolíu. Það er vel þekkt að þó nokkur verðteygni er í notkun eldsneytis þó svo að litlar rannsóknir hafi farið fram á því hér á landi. Erlendar rannsóknir hafa mest beinst að verðteygni eldsneytis hvað varðar bifreiðar og er þá oft horft bæði á langtímateygni og skammtímateygni. Aftur á móti hafa ekki fundist neinar rannsóknir á verðteygni hvað varðar eldsneytiskaup fiskiskipa og líklega er hún ekki mikil til skemmri tíma litið en til lengri tíma er hún ugglaust nokkur. Í þessari spá er reynt að meta áhrif eldsneytisverðs á notkun en í spálíkaninu er einungis sett inn bein áhrif verðs á notkun fyrir bifreiðar sbr. kafla 4.6 en varðandi fiskiskip koma þessi áhrif óbeint fram með að gert er ráð fyrir bættri orkunýtingu til lengri tíma litið sökum hækkandi eldsneytisverðs.


Olían er mest notuð í samgöngum og þar er hún nánast ein um markaðinn. Á spátímabilinu er gert ráð fyrir að nýir orkugjafar nái fótfestu og mun olíuverðið sem hér er miðað við stuðla að því auk hvata frá stjórnvöldum til að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Á árinu 2010 var hérlendis lagt á svokallað kolefnisgjald á notkun fljótandi jarðefnaeldsneytis (sjá frekari umfjöllun í kafla 4.6.1).

4.3 Heimili og sundlaugar

Hér er fjallað um eldsneytisnotkun sem snýr að heimilum og sundlaugum. Til þessa kafla teljast sumarhús en ekki einkabílar og verður fjallað um þá sérstaklega síðar. Útreikningar á orkunotkun heimila tengjast m.a. útreikningum í almennum forsendum á mannfjölda, fjölda heimila og stærð íbúðarhúsnæðis.

4.3.1 Hitun húsa með olíu

Húshitun með olíu hefur minnkað mikið á síðustu áratugum og er orðin mjög lítil og gert er ráð fyrir að hún minnki enn frekar á spátímabilinu. Þó er ekki gert ráð fyrir að olíunotkun leggist alfarið af við hitun húsnæðis þar sem hún verður áfram á einangruðum svæðum og hjá kyntum hitaveitum. Ekki verður þó fjallað sérstaklega um kyntar hitaveitur hér. Á mynd 4.1 er sýnd eldsneytisnotkun við hitun húsnæðis ár hvert frá 1983. Hafa ber í huga að innifalin í tölum olúfélaganna er einhver önnur notkun en til húshitunar t.d. á tæki í sveitum. Gögn um notkun svartolíu til hitunar húsa eru einungis til frá 1983. Árið 2014 var olíunotkunin mun meiri en á öðrum undangengnum árum og má það skýra með því að raforkusala til m.a. kyntra hitaveitna var skert og þurftu þær því að notast að einhverju leyti við olíu í stað raforku. Notkunin minnkaði að nýju 2015 enda var raforkunotkun lítið skert það ár.



Mynd 4.1 Notkun eldsneytis til hitunar húsa 1983-2015.

Heimild: Orkustofnun og Orkusparnefnd, 2015.

Ekki er gert ráð fyrir að ný hús séu hituð með olíu nema þá í undantekningartilvikum og þá á stöðum þar sem hvorki jarðvarmi né raforka frá samtengdu raforkukerfi er til staðar. Mikið af þeim húsum sem hituð eru með olíu eru gömul hús sem líklegt er að hætt verði að nota á spátímabilinu. Einnig er líklegt að áfram færast hús hituð með olíu yfir á aðra orkugjafa. Kyntar hitaveitur nota einnig olíu þegar ekki fæst raforka svo sem vegna truflana í raforkukerfinu eða vegna vatnsskorts við virkjanir.

Varðandi orkunotkun við hitun húsnæðis vísast í spálíkan fyrir húshitun en upplýsingar um það er að finna í Jarðvarmaspá Orkusparnefndar en **þar er miðað við að olíunotkun við hitun**

Íbúðarhúsnæðis sé 11,8 kg/m³, við hitun atvinnuhúsnæðis 7,2 kg/m³ og við hitun sumarbústaða 260 kg/hús. Hér er miðað við að nýting í kynditækjum sé 60%.

4.3.2 Hitun sundlauga með olíu


Mikið hefur verið byggt af sundlaugum hér á landi á undanföllum áratugum og þegar þess er nokkur kostur hefur verið reynt að staðsetja þær þar sem auðfenginn jarðvarmi hefur verið fyrir hendi. Af þeim sökum er jarðvarmi mest notaður í þessum tilgangi.

Á undanföllum árum hefur sundlaugum sem hitaðar eru með olíu fækkað mikið og eru nú einungis 2-3 slíkar laugar á landinu. **Gert er ráð fyrir að við enda spátímabilsins verði einungis ein sundlaug hituð með olíu.** Í jarðvarmaspá Orkuspárnefndar er fjallað nánar um orkunotkun sundstaða.

4.3.3 Notkun á gasi


Upplýsingar um gasnotkun eru fengnar frá söluaðilum á gasi sem eru olíufélögin og hafa þau flokkað söluna niður á notkunarflokk. Fyrir 2010 fengust þessi gögn alfarið frá Gasfélaginu sem sá um innflutning fyrir öll olíufélögin og hugsanlega hefur flokkunin eitthvað breyst samhliða því að fleiri aðilar fóru að skila inn gögnum. Flokkunin byggir að stórum hluta stærð hylkja sem seld eru og þá miðað við að heimili nýti minnstu hylkin og þjónusta stærri hylkin. Hluti sölunnar er beint frá bíl svo sem til iðnfyrirtækja og þar ætti notkunarflokkurinn að liggja fyrir.

Notkun á gasi hefur dregist saman á allra síðustu árum, aðallega vegna 2 þúsund tonn og skiptist hún niður á þætti eins og sýnt er á mynd 4.2 og á mynd 4.3 er sýnt hvernig notkunin á heimilum hefur þróast frá 1996. Sundurgreining almennrar notkunar liggur einungis fyrir frá 1996 og því er hún ekki sýnd lengra aftur í tímann. Breytingar sem urðu á gagnasöfnuninni hafa haft áhrif á gagnasöfnunina og hafa því verið gerða nokkrar lagfæringar á gögnunum síðustu ár til að þau sýni réttari mynd af þeim flokkum sem hér um ræðir.



Mynd 4.2 Notkun Íslendinga á gasi eftir flokkum árið 2015.

Heimild: Orkustofnun og Orkuspárnefnd, 2016.



Mynd 4.3 **Notkun heimila á gasi árin 1996-2015.**

Heimild: Orkustofnun og Orkuspárnefnd, 2016.

Heimilisnotkun á gasi árið 2015 var svipuð og árið 2005 skv. myndinni, eða um 900 tonn. Lengi vel var mikil aukning á gasnotkun heimila en frá árinu 2007 hefur hún heldur minnkað og getur breytt flokkun notkunar hafa haft einhver áhrif. Innflutningur á gaseldunarbúnaði jókst mikið síðasta áratug síðustu aldar og fram til 2007 og eru þau farin að vera nokkuð algeng í eldhúsum á nýjum heimilum auk þess sem gasgrill hafa verið vinsæl. Eftir 2008 hefur lítið verið byggt af nýju íbúðarhúsnæði og er það ein ástæða þess að vöxtur gasnotkunar á heimilum stöðvaðist og efnahagshrunið hefur líklega einnig suðlað beint að minni notkun. Innifalin í þessum tölum er þá einnig ýmis önnur notkun en til eldunar á heimilum. Eins og fram kemur í almennum forsendum orkuspáa er miðað við að um 34% heimila noti gaseldun og að meðalnotkunin sé 20 kg/heimili árið 2015. **Hér verður miðað við að notkun hvers heimilis sem er með gaseldunartæki verði 20 kg á heimili þar sem gaseldunartæki eru notuð og að hún haldist óbreytt út spátímabilið.** Þessi forsenda ásamt því hvernig útbreiðsla gaseldunartækja eykst á næstu árum í samræmi við íbúðabyggingar (sjá almennar forsendur orkuspáa) leiðir af sér aukningu gasnotkunar á heimilum á næstu árum en mettnaráhrif fari að koma fram þar sem hlutfall íbúða með gaseldunarbúnað hækkar um 6 prósentustig á spátímabilinu.

4.4 Landbúnaður

Olíunotkun í landbúnaði hefur verið innifalin í tækjanotkun í tölum olíufélaganna og því ekki verið til staðar sérstök tölfræði um þá notkun. Þessi notkun er aðallega vegna dráttarvéla og var því horft til fjölda slíkra tækja til að meta olíunotkun í landbúnaði. Eftirfarandi leið var notuð til að meta notkunina í landbúnaði árið 2014:

- Skoðaður var fjöldi dráttarvéla árið 2014 sem var 11.683 skv. skráningu Samgöngustofu. Þar af voru 1.279 á höfuðborgarsvæðinu og því um 10.400 fyrir utan höfuðborgarsvæðið.
- Í grein Bjarna Guðmundssonar frá 2004 er fjallað um könnun varðandi meðalnotkun dráttarvéla á eldsneyti á 10 handvöldum kúabúum, sjá töflu 4.2. Fram kemur að gera megi ráð fyrir að könnunarbúin séu yfir meðalstærð íslenskra búa og notkunin því líklega meiri en að meðaltali á íslenskum búum.

Tafla 4.2 **Notkun dráttavéla skv. könnun frá 2004.**

Heimild: Bjarni Guðmundsson, 2004.

Dráttarvél	Notkun klst.
1. vél	407
2. vél	189
3. vél	185
4. vél	108

- Fjöldi lögbýla í ábúð á Íslandi árið 2014 var 4.200. Þar af leiðandi eru um 2,5 dráttarvélar á hverju búi fyrir utan höfuðborgarsvæðið að meðaltali.
- Gert er ráð fyrir eftirfarandi skiptingu á fjölda dráttarvéla og nýtingu þeirra á meðalbúi og eru notaðar lægri tölur en í fyrrnefndri grein þar var verið að skoða stærri bú:

Tafla 4.3 **Áætluð meðalnotkun dráttavéla.**

Dráttarvél	Fjöldi	Notkun klst.
1. vél	4200	300
2. vél	4200	100
3. vél	1000	80
4. vél	1000	50

Vegið meðaltal notkunar miðað við gefnar forsendur er 174 klst á ári.


- Að meðaltali voru dráttarvélar 71 hestöfl árið 2002. Gert er ráð fyrir að dráttarvélar séu að meðalali 71 hestöfl árið 2014, eða 53 kW, þar sem um stærri kúabú var um að ræða árið 2002.
- Gert er ráð fyrir 0,2975 kg/kWh og 45% aflnýtingu. Það er í samræmi við heimild frá Suður Afríku (Republic of South Africa: Guide to Machinery Cost fyrir „*medium power demand for two-wheel tractors*“).
- Miðað við gefnar forsendur er orkunotkunin 7,1 kg/klst. og eldsneytisnotkun á dag er 3,7 kg/dag. Á ári er eldsneytisnotkunin þar af leiðandi 1,3 tonn að meðaltali fyrir hverja dráttarvél.

Út frá þessum forsendum fæst að heildareldsneytisnotkun dráttarvéla 12,8 þúsund tonn árið 2014 sem hefur verið tekin út úr tækjanotkuninni. Til samanburðar má nefna að önnur tækjanotkun hefur verið um 28 þúsund tonn að meðaltali frá 2006-2015. **Hér verður miðað við að notkun eldsneytis í landbúnaði fylgi magnvísitölu búfjárræktar og er miðað við upphagsgildið sem hér er reiknað fyrir árið 2014.**

4.5 Fiskiskip

Fiskafli á Íslandsmiðum jókst mikið á síðustu öld en jafnframt voru verulegar sveiflur í veiðinni, líkt og á þessari öld. Miklar framfarir hafa orðið í skipasmíðum og veiðitækni sem hafa áhrif á eldsneytisnotkun. Skipastóll landsmanna hefur breyst mikið síðustu áratuginna og fram yfir aldamót jókst heildarvælarafi fiskiskipa en dregið hefur úr því á undanförunum árum. Nánar er fjallað um þróun skipastólsins í almennu forsendum orkuspánna. Fiskiskipafloti landsmanna er einn stærsti notandi eldsneytis hér á landi. Þegar fiskiskip sigla með afla eða koma af öðrum ástæðum í erlendar hafnir nota þau tækifærið og taka eldsneyti þar. Af þeim sökum kemur ekki öll eldsneytisnotkun skipanna fram í sölutölum olíufélaganna og hefur þessi notkun verið áætluð. Nú er þessari notkun slepp og í síðustu spá frá 2008 var hún meðhöndluð á sama veg en í eldri spám voru þessi olíukaup erlendis innifalin en tekið er þó tillit til þeirra við útreikninga svo þau skekki ekki meðalnotkun á aflaeiningu. Kaup erlendra fiskiskipa á olíu hér á landi eru tekin með í spána. Útreikningar á orkunotkun við fiskveiðar tengjast m.a. útreikningum í almennum forsendum á fiskafla sbr. kafla 6 í þeirri skýrslu.

Á mynd 4.4 eru sýnd olíukaup fiskiskipa hér á landi, bæði innlendra og erlendra, en þar að auki er áætlað að íslenski fiskiskipastóllinn hafi keypt um 11 þúsund tonn af eldsneyti erlendis á árinu 2014 en sú notkun er ekki með á myndinni. Á myndinni er greint á milli innlendra og erlendra fiskiskipa frá og með árinu 1995 en fyrir þann tíma er slík sundurgreining ekki til.



Mynd 4.4 **Olíukaup fiskiskipa á Íslandi 1983-2015.**

Heimild: Orkustofnun og Orkuspárnefnd, 2016.

Eins fram kemur á mynd 4.4 jókst olíunotkun fiskiskipa allt fram á miðjan tíunda áratuginn, en síðan fór notkunin minnkandi samhliða minni fiskafla og á síðustu árum hefur aukinn afli á sóknareiningu haft nokkur áhrif á notkunina. Lægðin sem er í notkuninni árið 1985 stafar af því að sókn togara dróst saman það ár. Toppur er í notkuninni árið 1996 vegna veiða á fjarlægum miðum en þær hafa dregist mikið saman undanförunum árum.

4.5.1 Stuðlar til að reikna olíunotkun út frá afla

Olíunotkun er mjög mismunandi eftir veiðiaðferðum og hafa því verið útbúnir stuðlar sem sýna notkunina í hlutfalli við afla fyrir mismunandi veiðiaðferðir (kg olíu á kg af fiski upp úr sjó). Við gerð Eldsneytisspár 2001 var í samvinnu við Fiskifélag Íslands skilgreind skipting afla niður eftir tegundum fiskiskipa út frá gögnum í ritinu Útvegur. Miðað er við sömu skiptingu með þeirri breytingu að skelfiskafli er nú talin með bátum í stað togskipa og er um að ræða allan afla íslenskra fiskiskipa hvort sem honum er landað hér á landi eða erlendis.

Vinnsluskip:	Sjófrystur afli af öllum miðum að frádregnum sjófrystum uppsjávarafla.
Togskip:	Botnfisk- og flatfiskafli togara. Einnig allur afli af fjarlægum miðum fyrir utan uppsjávarafla. Síðan er dreginn frá afli vinnsluskipa.
Bátar:	Botn-, flat- og skelfiskafli báta.
Loðnuskip:	Allur loðnu- og síldarafli íslenskra skipa.
Kolmuna- og makrískip:	Allur kolmuna- og makrífli íslenskra skipa.

Fjölmargir þættir hafa áhrif á olíunotkun fiskiskipa. Ástand og veiðanleiki fiskistofna skipta miklu máli og t.d. hefur þorskafla á sóknareiningu aukist verulega á undanförunum árum bæði vegna öflugri þorskstofns og bættrar veiðitækni (Hafrannsóknarstofnun, 2015). Veiðitækni og veiðarfæri hafa að sama skapi áhrif auk stærð skipa, véla- og tæknibúnaður (sjá töflu 4.3), fjarlægðar á mið, sem og umhverfisþættir eins og veður og straumar. Hvati til olíusparnaðar getur verið vegna rekstrarþátta og ræður olíuverð þar miklu um enda er olía næst stærsti kostnaðarliður útgerðar á eftir launakostnaði. Í erindi Emils Ragnarssonar á Orkuþingi 2006 kemur fram að "um 34% af heildarolíunotkun flotans fer beint í það að draga togveiðarfæri í gegnum sjóinn. Þannig gæfi 10% mótstöðuminnkun um 3-4% olíusparnað miðað við heildarolíunotkun flotans". "Togveiðarfærin eru almennt orkufrekustu veiðarfærin. Það þarf hins vegar að hafa í huga að vissar fisktegundir, sumpart eftir árstíma, verða ekki sóttar í önnur veiðarfæri en troll. Um aðrar fisktegundir gildir að það er unnt að veiða þær með orkugrenni veiðarfærum".

Nokkrar rannsóknir hafa verið unnar á olíunotkun fiskiskipa svo sem af Emil Ragnarssyni sbr. erindi á Orkuþingi 2006 og 1991 og af Guðbergi Rúnarssyni sem hefur reiknað olíunotkunarstuðla fyrir árin 1997 og 2004 og eru þeir sýndir í töflu 4.4. Ef heildarolíunotkun fiskiskipaflotans er borin saman við útreikninga sem byggðir eru á olíunotkunarstuðlum frá árinu 2004 til 2009 kemur í ljós að raunverulegar eldsneytistölar eru aðeins lægri en reiknuðu tölurnar og er frávikið 2% til 10% á tímabilinu, sjá mynd 4.5. Olíunotkunin er hins vegar meiri en útreikningar með olíunotkunarstuðlunum gefa fyrir árin 2009 til 2011. Gert er ráð fyrir að olíunotkunarstuðlarnir hafi lækkað um 15% á tímabilinu 2010 til 2015 vegna margvíslegra þátta sem leiða til minni olíunotkunar. Miðað við gefna lækkun olíunotkunarstuðlanna er olíunotkun að meðaltali um 2,5% of mikil á tímabilinu 2011-2014 miðað við raunverulegar sölutölur. .


Hér er miðað við að olíunotkunarstuðlar Guðbergs hafi gefið góða mynd af olíunotkun fram til ársins 2010 en stuðlarnir eru lækkaðir um 15% á tímabilinu 2010-2015, sjá töflu 4.4. Í kafla 4.5.2 er síðan fjallað um það hvernig áætlað er að stuðlarnir breytist á spátímabilinu. Togskipsígildið sýnir hve olíunotkunin er mikil í hlutfalli við notkun togskipa. Þetta ígildi er notað til að umreikna afla í jafngildan afla togskipa sem síðan má deila upp í heildarolíunotkun ársins til að sjá hvernig olíunýting fiskiskipastólsins hefur þróast.

Tafla 4.4 **Olíunotkunarstuðlar fiskiskipa og togskipígildi.**

Heimild: Orkusparnefnd 2016, Guðbergur Rúnarsson, 2007 og Eldsneytisspá 2001.

Tegund skips	Olíunotkun árið 1997 kg olíu á kg fisks	Olíunotkun árið 2004 kg olíu á kg fisks	Hluttur í notkun 2010-2014	Eldsneytisspá 2016 kg olíu á kg fisks	Togskipsígildi
Bátar < 10 brl.	0,127	0,102			
Bátar > 10 brl.	0,178	0,220			
Bátar		0,200	26,7%	0,170	0,56
Togskip	0,365	0,356	19,6%	0,303	1,00
Vinnsluskip	0,602	0,432	32,9%	0,368	1,21
Loðna/síld	0,025	0,034	9,9%	0,029	0,10
Kolmunni- og makríll		0,078	10,9%	0,066	0,22

Bátar = Olíunotkun allra báta er fengin sem veginn meðaltal flokkanna tveggja.



Mynd 4.5 **Olíunotkun fiskiskipa samkvæmt sölutölum og áætlað eftir aflatölum árin 2003 - 2014.**


Á vef Hagstofunnar er afli meðal annars flokkaður eftir skipaflokkum og vinnsluaðferðum og samræmast þau gögn því vel þessari flokkun. Miðað við þá stuðla sem hér er stuðst er eldsneytisnotkun togarara og vinnsluskipa á tímabilinu 2010 – 2014 að meðaltali rúmlega 50% heildarolíunotkunar fiskiskipaflotans á meðan bátar eru með rúmlega 25% og uppsjárarskip um 20%. Þessi skipting er nokkuð önnur ef skoðaður er afli skipanna, þá er afli togarara og

vinnsluskipa 19% heildaraflans, bátar eru með 19% og uppsjávarskip 62%. Skip sem veiða kolmuna og makríl nota meiri olíu en hefðbundin loðnuskip vegna hins þunga flotrolls.


Lagt hefur verið mat á olíunotkunarstuðla í norskum sjávarútvegi fyrir tímabilið 2000-2004. Metnir voru olíunotkunarstuðlar fyrir mismunandi veiðarfæri sem og veiðar mismunandi fisktegunda. Veiðar á loðnu, síld og makríl í flotvörpu eru með stuðulinn 0,09 kg olíu á kg fisks og er það nokkru meiri olíunotkun en notast hefur verið við hér fyrir síld- og loðnuveiðar. Notkun á botnvörpu ber stuðulinn 0,28 kg olíu á kg fisks og fyrir einstakar tegundir voru stuðlarnir metnir 0,35 kg olíu á kg fisks fyrir þorsk og 0,4 kg olíu á kg fisks fyrir ýsu. Stuðlarnir fyrir togskipin hérlendis sem fram koma í töflu 4.2 er mjög áþekkir niðurstöðunum fyrir þorsk- og ýsuveiðar í Noregi. Samanburður á öðrum erlendum rannsóknum gefur til kynna að olíunotkun sé nokkuð mismunandi milli landa og ræðst af fyrrgreindum þáttum sem og t.d. fiskveiðistjórnunarkerfi hvers lands (Schau og fl. 2009).

4.5.2 Olíunotkun íslenskra fiskiskipa

Mynd 4.6 sýnir notkun olíu til veiða í hlutfalli við afla umreiknaður í togfiskígildi út frá stuðlunum hér að framan. Eins og sést á myndinni óx olíunotkunin á hvert kg af fiski til 1998 en síðan hefur hún farið minnkandi. Hugsanleg skýring á lækkuninni árið 2000 er að veiðar hafi minnkað á fjarlægum miðum en einnig gæti hafa komið til kaup á olíu frá birgðaskipum en engar tölur eru til um slík olíukaup. Olíunotkunin sveiflast nokkuð eftir árum eins og eðlilegt er vegna mismunandi samsetningar aflans. Hlutfallið hækkar árin 2009 - 2011 en fellur síðan aftur og nær sínu lægsta gildi árið 2013.



Mynd 4.6 **Olíunotkun fiskiskipa á aflaeiningu togskipsígildis (sjá skilgreiningu á togskipsígildi í töflu 4.2).**



Mynd 4.7 **Olíunotkun fiskiskipa í hlutfalli við vélarafli flotans (án opinna fiskibáta).**

Þegar litið er á olíunotkun í hlutfalli við vélarafli skipanna sést að það hlutfall fór vaxandi fram til 1997, sjá mynd 4.7. Fjölgun vinnsluskipa, sókn á fjarlæg mið, tilkoma þyngri trola, svonefnd flottroll sem þurfa meira vélarafli en önnur veiðifæri, og sjókæligeymar í loðnuskipum gætu verið skýringar á þessu. Veiðar jukust einnig á djúpslóð þar sem notuð eru stór og þung troll. Þessir þættir ættu einnig að kalla á aukna notkun í hlutfalli við afla sem ekki hefur orðið raunin þannig að bætt veiðitækni og aukinn afli á úthaldsdag hafa eflaust komið í veg fyrir það. Árið 1999 breyttust skilgreiningar á stærð og vélarafli og er það skýringin á lækkuninni árið 1999, sjá kafla 6 í almennum forsendum orkuspáa. Athyglisvert er hve mikið olíunotkunin hefur minnkað á síðustu árum í hlutfalli við vélarstærð.


Samhliða því að afli vex má gera ráð fyrir að olíunotkun vaxi en hins vegar má einnig gera ráð fyrir að eldsneytisnotkun á hráefnistonn falli þar sem stærri og sterkari stofnar auka hagkvæmni við veiðar. Að sama skapi má gera ráð fyrir að bætt veiðitækni og hagkvæmari orkunýting skipa leiði af sér minni notkun í hlutfalli við aflamagn. Á spátímabilinu má gera ráð fyrir að stór hluti flotans verði endurnýjaður og orkunotkun nýrra skipa er nokkru minni en eldri skipa vegna betri hönnunar og mun það olíuverð sem hér er miðað við til langs tíma kalla á slíkt. **Miðað er við að olíunotkun vélbáta á aflaeiningu minnki um 3% fram til 2020, um 10% fram til 2030 og alls um 15% fram til 2050. Notkun togskipa (vinnsluskip meðtalin) minnki einnig um 3% á aflaeiningu til 2020, um 10% fram til 2030 og alls um 15% til 2050. Gert verður ráð fyrir sömu þróuninni hvað varðar notkun loðnu-, síldveiði- og kolmunaskipa.** Þessar forsendur eru settar fram út frá viðræðum við þá aðila sem þekkja best til hvað þetta varðar (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi) og því telur Orkuspárnefnd að þetta sé líklegasta þróunin.

Þegar olíuverð var sem hæst um 1980 fóru margir togarar af gasolíu yfir á svartolíu og þegar verðið lækkaði að nýju fóru flestir aftur yfir á gasolíu. Þegar verð hækkaði að nýju varð sama þróunin og síðan lækkaði olíuverð að nýju árið 2015 og þá lækkaði einnig hlutur svartolíu niður fyrir 20% en árin þar á undan var það yfirleitt um 25%. Svartolía er einnig óhreinni olía en gasolía og bruni hennar veldur því meiri umhverfisáhrifum. Á undanförunum árum hafa um nánast allan heim verið að aukast kröfur um gæði olíu svo sem hvað varðar brennisteinsinnihald

og slíkt leiðir af sér að brennsla á óhreinni afurðum minnkar svo sem á svartolíu. **Gert ráð fyrir að hætt verði að brenna svartolíu í fiskiskipum á spátímabilinu sökum umhverfisáhrifa.**

4.5.3 Eldsneytiskaup erlendra fiskiskipa

Miklar sveiflur hafa verið í kaupum erlendra fiskiskipa á olíu á undanförunum árum eins og sjá má á mynd 4.8. Hugsanlegt er að einhver þessara skipa séu í eigu íslenskra útgerða en skipin skráð erlendis og þá gæti verið ósamræmi milli aflaskráningar og eldsneytisskráningar. Mögulegt er líka að hluti af þeim olíukaupum sem fram koma séu í raun kaup skemmtiferðaskipa og salan ekki skráð í réttan notkunarflokk. Fjöldmargar ástæður geta verið fyrir breytingum í olíukaupum erlendra fiskiskipa hérlendis fyrir utan mögulega ranga söluskráningu. Til dæmis getur olíuverð haft áhrif á það hvort erlend fiskiskip kaupi olíu hérlendis eða í öðrum erlendum höfnum auk þess sem breytingar í veiðum og kaupum fiskivinnslustöðva á hráefni geta leitt til breytinga í eldsneytisnotkun og -kaupum. Athyglisvert er að þessi olíukaup eru í góðu samræmi við innfluttan fiskafli til fiskvinnslu allt fram til 2006 eins og fram kemur á mynd 4.8 þar sem notaðir eru sömu stuðlarnir á innfluttan afla og gert var fyrir afla innlendra fiskiskipa hér að framan. Eftir 2006 eru olíukaupin mun meiri en landsaður afli gefur tilefni til. **Miðað er við að olíukaup erlendra fiskiskipaverði svipuð og þau hafa verið undanfarin ár eða um 50 þúsund tonn á ári.**



Mynd 4.8 **Olíusala til erlendra fiskiskipa og áætluð olíunotkun eftir innfluttum aflatölum.**


4.5.4 Nýir orkugjafar í fiskiskipum í stað olíu

Nú er olía allsráðandi í fiskiskipum og gert er ráð fyrir að svo verði áfram fyrst um sinn. Á undanförunum árum hefur lífdísilolía verið notuð á innlend fiskiskip en notkunin er hlutfallslega mjög lítil miðað við hefðbundna olíunotkun. Lág olíuverð um þessar mundir letur útgerðir til að kanna möguleika á notkun annarra orkugjafa en fáir möguleikar eru til staðar núna nema þá helst lífrænt eldsneyti eða metanól (sjá umfjöllun í kafla 4.8.3). Búið er við að rannsóknarvinna á möguleikum nýrra orkugjafa haldi áfram og að verulegur skriður verði kominn á að skipta út olíu fyrir aðra orkugjafa í fiskiskipum við lok spátímabilsins. **Hér er gert ráð fyrir að notkun nýrra orkugjafa muni fylgja svokölluðum S ferli og nýju orkugjafarnir verði komnir með**

1% markaðarins eftir 15 ár og 50% markaðarins eftir 50 ár. Gert er ráð fyrir að orkupörf skipanna sé sú sama hvort sem notuð er olía eða aðrir orkugjafar.

4.6 Iðnaður

Olíunotkun í iðnaði er sveiflukennd eins og fram kemur á mynd 4.9 enda er notkun fiskimjölsværksmiðja ráðandi í þessum flokki með þeim sveiflum sem eru í veiðum á bræðslufiski. Innifalið í þessum tölum er það sem olíufélögin hafa flokkað sem annað en talið er að þar sé í flestum tilvikum um að ræða iðnaðarnotkun. Frá 2003 hefur olíunotkun í iðnaði minnkað verulega enda hefur loðnuveiði verið mun minni þessi en árin þar á undan eins og fram kemur á myndinni. Hafa þarf þó í huga að ýmislegt annað en loðna fer til bræðslu í fiskimjölsværksmiðjunum. Undanfarin ár hefur olíunotkun verið innan við fjórðungur af því sem hún var mest en ef raforkunotkun er umreiknuð yfir í olíu er heildarorkunotkunin um helmingur af því sem hún var mest. Útreikningar á orkunotkun í iðnaði tengjast m.a. útreikningum í almennum forsendum á fiskafila og hagvexti.



Mynd 4.9 Olíunotkun í iðnaði 1983-2015. Raforka sem hefur komið í stað olíu sýnd frá árinu 1993 í olíuígildum.

Heimild: Orkustofnun og Orkuspárnefnd, 2008.

Í upphafi þess tímabils sem sýnt er á myndinni var veruleg svartolíubrensla í Sementsværksmiðju ríkisins og hjá Hvali hf. Þessi notkun minnkaði mikið á fyrstu árum tímabilsins þegar Sementsværksmiðjan fór að brenna kolum og hitaveita kom í hvalstöðina á Miðsandi. Á undanförmum árum hefur því meginhluti svartolíunotkunar í iðnaði verið hjá fiskimjölsværksmiðjum enda koma sveiflur í veiðum á uppsjávarfiski greinilega fram í notkuninni.

4.6.1 Fiskimjölsværksmiðjur

Miklar fjárfestingar hafa á undanförmum árum átt sér stað í fiskimjölsværksmiðjum þar sem raforka er smá saman að koma í stað fyrir olíunotkun. Í værksmiðjunum er hráefnið fyrst soðið og voru fjárfestingar tengdar aukinni raforkunotkun upphaflega í því ferli. Olíukatlar eru notaðir í sumum værksmiðjum við suðuferlið og til taks hjá öðrum. Á síðustu árum hefur einnig verið fjárfest í búnaði til að þurrka hráefnið með raforku en olía er einnig notuð við það ferli í sumum

verksmiðjum. Raforka hefur fengist á hagstæðu verði til þessara nota á undanförunum árum sem hefur réttlætt fjárfestingu við breytingu úr olíu yfir í raforku. Raforkukaupin hafa í gegnum tíðina verið skerðanleg sem og afhending raforkunnar. Þar af leiðandi nota verksmiðjurnar olíu þegar raforka hefur ekki fengist eða ef hagkvæmara er að notast við olíu en raforku. Yfirleitt er gerð krafa um að fjárfestingar í verksmiðjunum skili sér hratt til baka vegna þess hve mikil óvissa er um hráefnisöflun.

Með tilkomu Blönduvirkjunar á seinni hluta 9. áratugarins var nokkur umframgeta í raforkukerfinu og lagði Landsvirkjun þá m.a. áherslu á sölu á ótryggðri raforku. Landsvirkjun hætti fyrir nokkru almennri sölu á ótryggðri raforku en verksmiðjurnar hafa þó náð samningum við fyrirtækið um kaup á orku með skerðingarheimildum. Áfram býðst fiskimjölverksmiðjunum að kaupa skerðanlegan flutning. Verksmiðjurnar vega og meta hverju sinni hagkvæmstu orkunotkunina og þar af leiðandi geta verðsveiflur í raforku eða olíu breytt notkunarmynstrinu. Raforkunotkun hefur aukist á undanförunum árum en á árunum 2015-2016 hefur markaðsverð olíu verið lágt sem ýtir undir notkun hennar. Telja verður líklegt til lengri tíma að notkun raforku verði ráðandi í fiskimjölverksmiðjum vegna m.a. hækkandi olíuverðs sem og umhverfis- og markaðsaðstæðna en hafa verður þó í huga að til að verksmiðjurnar geti notast nærri eingöngu við raforku þarf einnig að fjárfesta í flutnings- og dreifikerfi raforku.

Fiskimjölverksmiðjum hefur fækkað á undanförunum árum, árið 1999 var starfrækt 21 verksmiðja en á árinu 2006 voru þær orðnar 15 og árið 2015 voru þær 11. Síldarvinnslan er stærsta fyrirtækið í þessum geira og var með tæplega 35% af mótteknu hráefni sem fer í bræðslu árið 2015. Síldarvinnslan starfrækir þrjár verksmiðjur, þær eru í Neskaupstað, á Seyðisfirði og í Helguvík. HB Grandi er með tvær verksmiðjur; á Vopnafirði og á Akranesi. Markaðshlutdeild HB Granda var 16 % árið 2015. Vinnslustöðin í Vestmanneyjum og Ísfélag Vestmanneyja (með starfsemi bæði í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn) voru samanlagt með 23% af mótteknu hráefni. Þessi fjögur fyrirtæki unnu um þrjá fjórðu af mótteknum afla sem fór í bræðslu árið 2015 og starfræktu til þess átta verksmiðjur.

Flestar verksmiðjur eru á Austurlandi og þar var mesta vinnslan eða um 67% árið 2015 en í Vestmannaeyjum var brætt um 17% hráefnisins. Fjarlægð frá miðum ræður töluverðu um hvar landað er. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunnar, "Nytjastofnar sjávar 2014/2015. Aflahorfur fiskveiðiárið 2015/2016" má sjá veiðistaði eftir fiskteygundum.

Líklegt er að á næstu árum verði áfram lögð áhersla á að minnka olíunotkun fiskimjölverksmiðja. Verð olíu og raforku mun einnig ráða miklu um hvað fiskimjölverksmiðjur telja hagkvæmast að notast við hverju sinni auk fyrrnefnda fjárfestinga í flutningskerfi raforku. Hækkandi olíuverð sem hér er miðað við ætti að gera raforkunotkun hagkvæmari en eldsneytisnotkun á næstu árum. Gera má ráð fyrir að út frá umhverfissjónarmiðum verði ætíð þrýstingur á verksmiðjurnar að nýta raforku fremur en olíu en til lengri tíma litið má einnig ætla að hagkvæmar verði að nota raforku en olíu sbr. áætlaða þróun olíuverðs. **Olíunotkun fer minnkandi sökum aukinnar notkunar raforku við þessa starfsemi. Í Raforkuspá er gert ráð fyrir að 95% af bræðslu á fiski geti nýtt raforku að fullu árið 2017. Hér er miðað við að olíunotkun fiskmjölverksmiðja samsvari nú 15 kg af olíu á tonn hráefnis og að þessi notkun verði 10 kg/tonn árið 2020 og 2 kg/tonn við lok spátímabilsins. Gert er ráð fyrir að hætt verði að nota svartolíu sökum umhverfisáhrifa sbr. umfjöllun um svartolíunotkun í fiskiskipum í kafla 4.5.2.**


4.6.2 Annar almennur iðnaður

Í öðrum iðnaði er að mestu um smáa notendur eldsneytis að ræða. Olíunotkunin nam um 6 þúsund tonnum árið 2015 en hefur verið allt frá 6 og upp í 14 þúsund tonn á undanförunum fimm árum. Þessi notkun skiptist nokkuð jafnt á milli gasolíu (u.þ.b. 60%) og svartolíu ásamt úrgangsolíu (u.þ.b. 40%). Hér er um að ræða notkun í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði, efnaiðnaði, steinefnaði og annarri iðnaðarstarfsemi. Athyglisvert er að aukin notkun á ótryggðri raforku í iðnaði hefur nánast þrefaldast frá 1993 en eldsneytisnotkunin annars iðnaðar

hefur nokkurn veginn staðið í stað á tímabilinu. Lágt olíuverð um þessar mundir ætti að hvetja til aukinnar olíunotkunar. Út frá umhverfissjónarmiðum er líklegt að fyrirtæki í iðnaði reyni í framtíðinni fremur að nota aðra orkugjafa en olíu svo sem raforku eða jarðvarma. **Hér er miðað við að olíunotkun í öðrum iðnaði en fiskimjölsiðnaði fari minnkandi, þannig að árið 2025 verði hún 4 þúsund tonn og minnki síðan áfram til 2050, og verður þá komin í 2 þúsund tonn. Gert er ráð fyrir að hætt verði að nota svartolíu sökum umhverfisáhrifa.**

4.6.3 Notkun á gasi

Notkun á gasi í iðnaði hefur verið mjög breytileg á undanförunum árum, sjá mynd 4.11. Á undanförunum fimm árum hefur notkunin farið frá því að vera um 670 tonn árið 2012 og í 250 tonn árið 2013. Öll sala á gasi frá tankbíl utan stóriðju er flokkuð hér og hluti þess tilheyrir eflaust öðrum þáttum en ekki liggja fyrir upplýsingar um það og skýrir það eflaust að hluta þann breytileika sem er í notkunartölunum. Frá 1996 hefur notkun á gasi í iðnaði vaxið að meðaltali um 7% á ári og frá 2009 um 6% á ári. Umhverfisáhrif af notkun á gasi eru minni en áhrif olíu og framboð af gasi verður líklega mikið á næstu árum. Líklegt er því að áfram muni aukast notkun á gasi í iðnaði en að til lengri tíma dragi úr þeirri aukningu. **Gert er ráð fyrir að notkun á gasi í iðnaði aukist um 6% til að byrja með og að aukningin verði orðin svipuð og aukning landsframleiðslu árið 2025 og verði hætt að aukast við lok spátímabilsins.**



Mynd 4.10 Notkun iðnaðar á gasi árin 1996-2015.

Heimild: Orkustofnun og Orkuspárnefnd, 2016.

4.6.4 Nýir orkugjafar í iðnaði í stað olíu


Á undanförunum áratugum hefur raforka komið í nokkrum mæli í stað olíu í iðnaði og þá sérstaklega í þeirri grein þar sem olíunotkun er mest, þ.e. í fiskimjölsverksmiðjum. Rafskautakatlar hafa verið settir upp til að vinna hráefni í fiskimjölsverksmiðjum en olíukatlar eru áfram sem nota má þegar ódýr raforka er ekki tiltæk eða afhending hennar takmörkuð. Á árinu 2015 er áætlað að raforka hafi komið í stað tæplega 40 þúsund tonna af olíu. **Hér er miðað við að raforka haldi áfram að koma í stað olíu í iðnaði sbr. kafla 4.5.1 og 4.5.2 og að ný atvinnustarfsemi noti fremur raforku eða jarðvarma fremur en olíu.**

4.7 Bifreiðar og tæki

Bensín er um 30% af olíunotkun hér innanlands en auk þess notar hluti bifreiðaflorens gasolíu og einnig verktakar á tæki. Erfitt er að greina í sundur notkun gasolíu á bíla og á tæki. Á mynd 4.12 er sýnd sala á bensíni og gasolíu á bifreiðar og tæki. Hafa ber í huga þegar myndin er skoðuð að mörkin á milli notkunar gasolíu á bifreiðar og á tæki eru ekki skörp og einhver hluti þess sem fer á bifreiðar lendir hér með tækjanotkun. Til að kanna þetta hafa verið skoðaðar tölur frá fjármálaráðuneytinu um innheimtu olíugjalds og fæst þá heldur lægri tala fyrir bifreiðar en hér er sýnd. Á undanförunum fimm árum hefur notkunin skv. fjármálaráðuneytinu verið 0-6% minni og að meðaltali 4%. (Fjármálaráðuneytið, 2013 og 2016; Lög nr. 87/2004, með síðari breytingum). Magnið er allt að 7 þúsund tonn árið 2013 en minna önnur undanfarin ár en sú leiðrétting hefur ekki verið gerð á tölunum á myndinni. Skýringin á þessu ósamræmi gæti verið sú að hluti af því sem fer á tæki sé í notkunartölunum talið með bifreiðum. Útreikningar á orkunotkun bifreiða og tækja tengjast m.a. útreikningum í almennum forsendum á mannfjölda, fjölda bifreiða, olíuverði og hagvexti.

4.7.1 Bifreiðar

Bensínnotkun hefur dregist saman á undanförunum árum og var árið 2015 svipuð og notkunin var á árinu 1991, sjá mynd 4.11. Notkunin náði hámarki á árunum 2006-2007 þegar hún var um 160 þúsund tonn en var árin 2014 og 2015 um 132 þúsund tonn.




Mynd 4.11 Eldsneytisnotkun bifreiða 1983-2015.

Heimild: Orkustofnun og Orkuspárnefnd, 2016.

Meðaleldsneytisnotkun bensínbifreiða minnkaði í kjölfar hækkana á eldsneytisverði á áttunda áratugi síðustu aldar en samhliða lækkun þess að nýju jókst notkunin eins og fram kemur á mynd 4.12. Einnig fækkaði bifreiðum á árunum 1988-94 og akstur þeirra jókst. Notkunin fór hæst í 1.149 kg/bíl árið 1994 en hefur síðan farið lækkandi. Notkunin á hvern bíl hefur aldrei verið eins lítil og árið 2014, er hún var 769 kg/bíl. Þessar tölur eru fengnar út frá meðalbifreiðafjölda hvers árs.

Á síðustu tíu árum hefur bifreiðum fjölgað um 1,9% að meðaltali á ári, en fjöldi bensínbifreiða hefur nánast staðið í stað á tímabilinu en dísilbifreiðum fjölgað um 7,2 % að meðaltali á ári. Bensínnotkun hefur aftur á móti dregist saman um 1,7% að meðaltali á ári síðustu tíu ár. Líklegt verður að telja að bensínbílar sem teknir hafa verið í notkun á undanföllum árum séu mun sparneytnari en eldri bílar og útskýri það að miklu leyti samdráttinn í bensínnotkun en einnig hafa nýir bílar líklega verið minni og léttari sem leiðir af sér minni orkunotkun. Meðalaldur bensínbifreiða á götunum hefur einnig verið að hækka þar sem hlutdeild dísilbíla hefur aukist mikið meðal nýrra bíla. Einnig má gera ráð fyrir að á undanföllum áratugum hafi fjölskyldur bætt við sig bíl númer tvö sem er minna keyrður en fyrsti bíll.




Mynd 4.12 **Meðalnotkun bifreiða á bensíni 1983-2015 miðað við árlegan meðalfjölda bifreiða.**

Dísilbifreiðum hefur fjölgað mikið og er hlutur þeirra sérstaklega mikill í hópi stórra og þungra fólksbifreiða (jeppa). Eldsneytisnotkun díselbifreiða hefur aukist hægar en aukning þeirra, eða um 4,2% samanborið við 7,2% árlega aukningu í fjölda bifreiðanna. Gera má því ráð fyrir að þær dísilbifreiðar sem teknar eru í notkun hérlendis séu sparneytnari en þær sem fyrir voru þar sem á undanföllum árum hefur náðst mikill árangur í að minnka eldsneytisnotkun nýrra dísilvéla.

Sala á gasolíu frá söludælu hefur aukist mikið á undanföllum árum eins og kemur fram á mynd 4.11. Salan árið 2015 var um 50% meiri samanborið við 2005. Þessi notkun var um 2.464 kg/bíl árið 1995 en árið 2015 var hún komin niður í 1.540 kg/bíl eða 2,3% minnkun á ári. Eldsneytisnotkun bifreiða hefur því alls verið tæp 260 þúsund tonn árið 2015 .

Bílaleigubílum hefur fjölgað mikið á undanföllum árum samhliða auknum fjölda ferðamanna hingað til lands. Áætlað hefur verið að fjöldi bílaleigubíla í notkun sumarið 2015 hafi verið um 15.400 og er það um 6,8% af öllum fólksbílum. Sambærilegt hlutfall bílaleigubíla árið 2006 var um 2,4%. Bílaleigur hafa verið með fremur nýlega bíla og var t.d. árið 2015 um 64% bílaflotans 1-2 ára gamlir og 87% 1-5 ára gamlir. Fólksbílar hérlendis í eigu almennings eru mun eldri, eða 13-15% yngri en 5 ára (Íslandsbanki, 2016 og 2015). Gera má því ráð fyrir að bílaleigubílar séu almennt nokkuð sparneytnari en þeir fólksbílar sem eru í eigu almennings.

Frá árinu 2001 til og með 2014 var veitt undanþága varðandi virðisaukaskatt sem leyfði endurgreiðslu virðisaukaskatts af kaupverði hópferðabifreiða ef þær uppfylltu ákveðnar kröfur um nýtingu eldsneytis og umhverfisáhrif (ESB gerir kröfur um EURO merkingu véla, s.s. EURO II, EURO III, EURO IV, EURO V og farið var eftir þessum stöðlum við ákvörðun endurgreiðslu). Ætla má að undanþágan hafi leitt til þess að keyptar voru sparneytnari hópferðabifreiðar en ella væri.



Mynd 4.13 **Meðalnotkun bifreiða á gasolíu 1983-2015 miðað við árlegan meðalfjölda bifreiða.**

Í kjölfar hækkana á olíuverði á áttunda áratug síðustu aldar var lögð mikil áhersla á að gera bifreiðar sparneytnari. Þegar verð lækkaði að nýju minnkaði sá hvati og sala þungra og stórra fólksbifreiða jókst aftur. Á undanföllum árum hefur áhugi á orkusparnaði í bílum aukist að nýju vegna óstöðugs eldsneytisverðs og mikillar umræðu um áhrif útblásturs gróðurhúsalofttegunda á umhverfið. Einnig er unnið að rannsóknum á nýjum orkugjöfum fyrir bifreiðar, sjá kafla 4.6.2.

Líklegt er að orkunýting bifreiða haldi áfram að batna. Hér verður miðað við að slíkt tengist verði á eldsneyti sbr. kalfa 4.7.2. Hið lága olíuverð á alþjóðamörkuðum nú um mundir mun hins vegar hægja á framförum í orkunýtni bifreiða. Í útreikningum í spánni er miðað við óbreytta notkun á ekinn km áður en verðáhrif eru reiknuð þó að teknu tilliti til aldurs bifreiða.

4.7.2 Verðteygni eldsneytisnotkunar og tilkoma nýrra orkugjafa fyrir bifreiðar

Breytingar á eldsneytisverði hafa áhrif á eldsneytisnotkun bifreiða bæði þannig að hátt eldsneytisverð hvetur til minni aksturs og leiðir af sér þróun tækni sem minnkar notkun eldsneytis. Að sama skapi dregur úr kostnaði við akstur þegar eldsneytisverð er lágt og leiðir það til meiri akstur og áhersla ökumanna verður minni á orkunýtni við kaup á bifreiðum. Þessi áhrif verðs á notkun eru kölluð verðteygni og sýnir hlutfallslega breytingu í eftirspurn við hlutfallslega breytingu á verði. Í skýrslu frá Victoria Transport Policy Institute í Kanada er fjallað um verðteygni í vegasamgöngum og eru þar birtar niðurstöður úr ýmsum athugunum. Þar kemur t.d. fram að ákveðin rannsókn sýndi fram á að áhrif eldsneytisverðs á eldsneytisnýtni bifreiða væri á bilinu -0,35 til -0,45 (þ.e. 1% hækkun eldsneytisverðs leiðir af sér 0,35-0,45%

samdrátt í eldsneytisnotkun) og er þar um að ræða langtímaáhrif sem skila sér á um 10 árum. Áhrif verðsins á akstursvegalengd fengust aftur á móti sem -0,35 til -0,05. Varðandi frekari upplýsingar um verðteygni eldsneytis vísast í fyrrnefnda skýrslu þar sem raktar eru niðurstöðu úr mörgum rannsóknum hvað þetta varðar. **Hér er miðað við að áhrif eldsneytisverðs á akstur bifreiða séu -0,20 (1% hækkun eldsneytisverðs leiðir þá af sér 0,2% minni akstur) og að um sé að ræða skammtímaverðteygni miðað við meðalverð síðustu tveggja ára. Áhrif verðs á eldsneytisnýtni bifreiða eru aftur á móti langtímaáhrif og er þá horft á meðalverð þriggja ára fyrir fimmtán árum síðan og stuðullinn er -0,4.** Verð á eldsneyti fyrir bifreiðar á árinu 2015 var lítillega lægra en meðaltal raunverðs bensíns frá árinu 2000. Meðalverð eldsneytis var árið 2015 um 63 krónum lægra en þegar það var hæst að raunvirði árið 2012. Ef verð hækkar mikið er líklegt að áhrif þessa á notkunina fari minnkandi þar sem möguleikar til að takamarka notkunina eru smá sama uppunir og einnig eykst notkunin ekki endalaust þó svo að verðið lækki. Því má segja að þessi áhrif séu einungis línuleg á ákveðnu verðbili en sitt hvorum megin við það bil dragi úr áhrifunum. **Því er hér gert ráð fyrir að þegar komið er upp fyrir ákveðin mörk séu þessi áhrif komin í metnun og þá miðað við 115 USD/tunnu fyrir hráolíu og 280 kr/l fyrir bensín.**

Í almennum forsendum Orkusparnefndar er gert ráð fyrir aukinni notkun rafbíla á næstu áratugum og að til langs tíma litið verði 90% af fólks- og sendibílum knúðir raforku. Gert er ráð fyrir því að hlutfall rafknúinna hópferðabíla verði 70% og vörubíla 50%. Ef litið er til nýskráninga má búast við því að eftir 11 ár verði rafbílur 50% nýskráðra fólksbíla og sama hlutfalli sendibíla verði náð eftir 14 ár. Samkvæmt almennum forsendum er gert ráð fyrir að rafbílur verði 50% nýskráðra hópferða- og vörubíla eftir 24 og 29 ár. Nánari umfjöllun um rafbíla og vænta þróun þeirra má sjá í almennum forsendum.

Lög nr. 40/2013 skylda söluaðila eldsneytis til að hafa endurnýjanlegt eldsneyti að lágmarki 5% af orku eldsneytis til samganga á landi. Lögin kváðu á um að hlutfallið væri 3,5% árið 2014. Lögin hafa leitt til þess að notkun lífdísilolíu hefur aukist mikið, eða frá því að vera 276 tonn árið 2012 í nærri 12 þúsund tonn árið 2015 auk þess sem etanól sala nam nærri 2000 tonnum.

Notkun metans í samgöngum á landi hófst áður en lög nr. 40/2013 voru sett og hefur verið nýtt á bifreiðar í um 15 ár en þó í litlu mæli fyrstu árin. Mikill vöxtur var í sölu metans fram til ársins 2012 þegar salan nam um 2000 tonnum. Á árunum 2013 og 2014 var salan eilítið minni en árið 2015 var hún nærri 2200 tonnum. Metanið er framleitt innanlands og áætlað hefur verið mögulegt framleiðslumagn þess (Mannvit, 2010). Ef miðað er við framleiðslu metans úr sorphaugum, öðrum úrgangi (m.a. skólpi) getur framleiðslan orðið allt að 1,7 PJ, sem jafngildir um 41 þúsund tonnum af olíuálgildum (ktoí).


Hér er gert ráð fyrir að lögin um söluskylduna haldist óbreytt á spátímabilinu og að magn endurnýjanlegs eldsneytis (hvort sem það er í formi lífdísilolíu, metans eða annars eldsneytis) haldist á tímabilinu í samræmi við það og að innlend vinnsla á slíku eldsneyti verði um 16 ktoí.

Hér hefur verið gert ráð fyrir að hátt eldsneytisverð stuðlar að tilkomu nýrra orkugjafa í bifreiðum en það eru einnig fleiri þættir sem hafa áhrif. Umræða um umhverfismál í heiminum öllum hefur hvatt til rannsókna á nýjum orkugjöfum og hefur stuðlað að því að framboð á bifreiðum sem nýta aðra orkugjafa en jarðefnaeldsneyti hefur aukist að undnaförnum og mun að öllum líkindum aukast áfram mikið á næstu árum þrátt fyrir lágt eldsneytisverð um þessar mundir. Slík tækniþróun hefur áhrif hér á landi og mun stuðla að aukinni hlutdeild bíla sem knúin eru af öðru en jarðefnaeldsneyti.

4.7.3 Tæki

Notkun eldsneytis á tæki er sveiflukennd enda hafa verið verulegar sveiflur í verklegum framkvæmdum á undanförunum árum, sjá mynd 4.14. Á myndinni er búið að taka notkun á tæki í landbúnaði úr túr gögnunum sbr. kafla 4.4. Frá 2011 hefur notkunin verið um 16 þúsund tonn á ári en meðaltal undanfarinna 15 ára er 33 þúsund tonn. Frá 2009 hefur notkunin verið minni

en sést hefur í marga áratugi og er það vegna þess hve litlar verklegar framkvæmdir hafa verið í gangi á síðustu árum. Á tímabilinu 2000-2008 var notkunin yfirleitt frá 40-55 þúsund tonn enda mikið um framkvæmdir á þessu tímabili. Í þessum tölum hefur ekki verið tekið tillit til þess að hluti af því sem tekið er beint frá tankbíl (og er í tölfræðinni talið sem notkun tækja) á bifreiðar en fremst í kafla 4.7 var tækjanotkun borin saman við tölur fjármálaráðuneytisins.



Mynd 4.14 Eldsneytisnotkun tækja 1983-2015.

Heimild: Orkustofnun og Orkusparnefnd, 2016.


Mikill samdráttur varð í notkuninni eftir 2008 enda framkvæmdir mun minni á árunum þar á eftir en á árunum á undan. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar nú bæði í virkjunum sem og við byggingu stóriðju. Einnig má gera ráð fyrir að framkvæmdir tengdar ferðaþjónustu og íbúðabyggingum aukist á næstu árum. Gera má því ráð fyrir að framkvæmdir á næstu árum verði meiri heldur en á undangengnum árum og það leiði af sér aukna eldsneytisnotkun tækjum. **Hér er miðað við að eldsneytisnotkun tækja aukist eins og notkun þeirra, sbr. Almennar forsendur orkuspanna, sem jafngildi því að hún aukist helmingi hægar en landsframleiðslan. Ekki er gert ráð fyrir að endurnýjanlegt eldsneyti verði nýtt á tækjum.**

4.7.4 Steinolía

Notkun steinolíu á bifreiðar og tæki hefur verið mjög breytileg á undanförunum árum og var t.d. nærri 3 þúsund tonn árið 2011 en á allra síðustu árum um 90-150 tonn. Hér því um ákaflega litla notkun að ræða á síðastliðnum árum. **Miðað er við að notkun steinolíu á tæki verði 100 tonn á ári út spátímabilið.**

4.8 Flugvélar

Sala á flugvélaeldsneyti hefur vaxið mikið á undanförunum árum en þó hafa nokkrar sveiflur verið í sölu eini og fram kemur á mynd 4.15. Um 93-95% notkunarinnar er vegna millilandaflugs íslensku flugfélaganna og erlendra flugfélaga sem taka eldsneyti hér á landi. Mikil aukning hefur átt sér stað í fjölda farþega til og frá landinu á undanförunum árum en hlutfallslega lítil aukning hefur orðið í vöruflytningum. Útreikningar á orkunotkun flugvéla tengjast m.a. útreikningum í almennum forsendum á mannfjölda og hagvexti.




Mynd 4.15 Eldsneytissala til flugvéla 1983-2015.

Heimild: Orkustofnun og Orkusparnefnd, 2016.

Viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda frá flugi var tekið í notkun við upphaft árs 2012. Ícelandair og Flugfélag Íslands fengu endurgjaldslaust úthlutað losunarheimildum en hafa á undanförunum árum þurft að kaupa losunarheimildir til viðbótar til að sinna rekstri sínum. Kaup flugfélaga á losunarheimildum eykur kostnað þeirra við að fljúga hingað til lands og, að öllu óbreyttu, dregur úr vilja neytenda til að nýta sér flugsamgöngur með tilheyrandi samdrætti í eldsneytisnotkun. Kostnaður við slíkar heimildir hefur ekki verið settur beint inn í spálíkanið.

4.8.1 Innanlandsflutningar

Einkaflugvélar og smærri vélar í áætlunar- eða leiguflugi nota flugvélabensín. Stærri vélarnar nota þotueldsneyti (steinolífu). Árið 2015 var notkun þotueldsneytis hér á landi vegna flugs innanlands um 6.000 tonn. Verulegar sveiflur hafa verið í þessari notkun og var hún í hámarki árið 1996 eða 9.100 tonn og lækkaði síðan fram til ársins 2002 er hún var um 6.000 tonn. Óx þá notkunin að nýju samhliða miklum hagvexti og stóriðju og orkuframkvæmdum á Austurlandi og náði hámarki árið 2006 þegar notkunin var 8.100 tonn. Dregið hefur út notkuninni á undanförunum árum og nam notkunin árið 2013 um 5.700 tonn. Á mynd 4.16 sést eldsneytisnotkun í innanlandsflugi á hvern farþega eftir árum. Farþegafjöldinn hefur dregist saman að meðaltali um 2% á ári undanfarin 10 ár. Á árinu 2015 voru farþegarnir um 346 þúsund en voru flestir árið 2007 þegar þeir voru um 466 þúsund. Undanfarin 10 ár hefur eldsneytisnotkunin á hvern farþega staðið nokkurn veginn í stað en minnkað um 20% ef miðað er við eldsneytisnotkun á hvern farþega fyrir 20 árum síðan.



Mynd 4.16 Notkun þotueldsneytis í innanlandsflugi á hvern farþega.

Heimild: Orkustofnun og Orkuspárnefnd, 2016.

Flugfélag Íslands mun hætta rekstri allra fimm Fokker 50 flugvéla sinna á árinu 2016 og taka í notkun þrjár Bombardier Q400 vélar en fyrir hefur félagið verið með minni Bombardier flugvélar í rekstri í um 10 ár. Félagið telur að eldsneytisnotkun verði um 10% minni á hvern farþega samanborið við notkun Fokker 50 vélanna (Flugfélag Íslands, e.d.). Búast má því við samdrætti í eldsneytisnotkun í hlutfalli við farþega- og flutningamagn. **Hér er gert ráð fyrir að notkun þotueldsneytis í innanlandsflugi í hlutfalli við flutt magn minnki um 10% til 2025 frá meðaltali síðustu fimm ára og um 20% samtals til loka spátímabilsins, 2050.**


Notkun flugvélabensíns hefur einnig verið sveiflukennd en dregið verulega úr henni á undanförunum árum. Á tímabilinu 2001-2010 var notkunin að meðaltali um 910 tonn en frá 2011 hefur notkunin verið um 400-500 tonn. Líklegt er að litlum einkavélum fjölgi á næstu áratugum vegna aukins frítíma fólks og jafnframt að nýjar vélar verði sparneytnari miðað við þær eldri þannig að lítil breyting verði á notkuninni. **Hér verður miðað við að notkun flugvélabensíns verði 500 tonn út spátímabilið.**

4.8.2 Millilandaflutningar

Eldsneytissala til flugvéla hérlendis hefur gengið í gegnum miklar sveiflur á undanförunum 30 árum, eins og sjá má á mynd 4.15. Margir þættir hafa stuðlað að sveiflunum og má t.d. nefna sparneytnari flugvélar í kringum 1990 og áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Mikil aukning átti sér stað í eldsneytissölu á árabílinu 2002 til 2007 en á eftir fylgdi skarpur samdráttur í eldsneytissölu, líkt og í hagkerfum heimsins. Á allra síðustu árum hefur svo eldsneytissala aukist verulega og var mest árið 2015 þegar hún nam um 220 þúsund tonnum og hefur aukist um 12% að meðaltali á ári frá 2010. Mikil aukning í fjölda ferðamanna hingað til lands er ein helsta ástæðan fyrir aukinni eldsneytissölu og hefur m.a. sala á þotueldsneyti í millilandaflutningum aukist um 12-20% á árunum 2013 til 2015.

Á mynd 4.17 er sýnd eldsneytisnotkun í hlutfalli við áætlað flutt magn (bæði komu-, brottfarar- og skiptifarþega og fraktar) í tonn-km. Hafa ber í huga að flutta magnið er áætlað með að nota sömu meðalþyngd farþega allt tímabilið og sömu meðalvegalengd. Á undanförunum árum hafa orðið breytingar á framboði flugferða til erlendra borga og nú t.d. fljúga fjölmörg flugfélög til

nálægra borga og meðalvegalengdin þar af leiðandi líklega dregist saman. Hið flutta magn í tonn-km talið er því líklega ofáttað. Á síðustu misserum hefur framboð á flugi til fjarlægari borga, t.d. borga á vesturströnd Bandaríkjanna og Kanada, aukist og því gæti meðalvegalengdin aukist á ný. Einnig skiptir hér máli hve stór hluti eldsneytisins er tekið erlendis.



Mynd 4.17 **Eldsneytissala til millilandaflugs í hlutfalli við áætlaða flutninga.**

Heimild: Orkustofnun og Orkusparnefnd, 2016.

Tvö innlend flugfélög stunda nú millilandaflug til og frá Íslandi. Icelandair hefur tilkynnt að tvær nýjar 767-300 vélar muni verða teknar í notkun vorið 2016 og rúmar slík flugvél 260 farþega sem er töluvert fleiri farþegar en 757-200 vélarnar sem félagið notast einna mest og rúma 183 farþega. Til viðbótar hefur Icelandair gert samning um kaup á 16 Boeing 737 MAX og kauprétt á átta til viðbótar. Stefnt er að því að vélarnar verði komnar í rekstur á fyrri hluta ársins 2018 (Icelandair Group, 2016). WOW air flýgur einnig til og frá Íslandi og notast flugfélagið við nýlegar Airbus vélar (Samgöngustofa, e.d.). Með tilkomu nýrra véla Icelandair sem og auknum umsvifum WOW má búast við því að eldsneytisnotkun á hvern farþega dragist saman á næstu árum og hafa komið fram tölur um 15% samdrátt á næstu fimmtán árum.

Nýjar flugvélategundir nota minna eldsneyti í hlutfalli við flutningamagn og t.d. telur Boeing að 737 MAX muni vera með allt að 20% minni eldsneytisnotkun á fluttan farþega en eldri gerðir. Fjöldmargar aðgerðir eru tæknilega mögulegar til að auka orkunýtni og má t.d. nefna breyttan vélbúnað, léttari flugvélar og breytta lögun flugvéla (sjá t.d. NREL, 2013). Nýjar gerðir af flugvélum, svokallaðir “fljúgandi vængir” (“Flying Wing” og “Blended Wing Body”), gætu leitt af sér 20-30% minnkun eldsneytisnotkunar. Það eru líklega nokkrir áratugir í að slíkar vélar fari í framleiðslu fyrir almennan markað en þær gætu verið komnar í nokkra notkun við lok spátímabilsins. **Hér er miðað við að eldsneytisnotkun í millilandaflugi í hlutfalli við flutt magn minnki um 10% fram til 2025 og haldi síðan áfram að minnka þannig að í lok spátímabilsins hafi hún lækkað um 20% frá upphafi tímabilsins.**

Áætlað er að flugfélögin sem fljúga til Íslands taki nú um 45% af eldsneytisþörf sinni hér á landi og afgangurinn er þá tekinn á erlendum flugvöllum. Hlutfall eldsneytis sem tekið er erlendis hefur tekið einhverjum breytingum á undanförunum árum, svo sem vegna breytilegs


eldsneytisverðs þar sem dýrt er að flytja með sér of mikið eldsneyti en á móti getur komið verðmunur á milli flugvalla á eldsneyti. Einnig þurfa flugvélar að hafa nægt eldsneyti til að geta flogið til næsta flugvallar ef Keflavíkflugvöllur skyldi lokast og í slæmum veðrum að vetrarlagi getur þurft eldsneyti til að fljúga til annarra landa. Þetta hlutfall verður aldrei verulega frábrugðið 50%. **Ekki eru fyrirsjáanlegar neinar breytingar á þessu hlutfalli og er því miðað við að flugfélögin taki 45% eldsneytis fyrir millilandaflug í hér á landi allt spátímabilið.**

4.8.3 Nýir orkugjafar fyrir flugvélar

Nú er jarðefnaeldsneyti allsráðandi sem orkugjafi fyrir flugvélar og gert er ráð fyrir að svo verði áfram fyrst um sinn. Lágt olíuverð um þessar mundir letur flugvélaframleiðendur til að kanna möguleika á notkun annarra orkugjafa en fáir hagkvæmir möguleikar eru til staðar enn sem komið er. Á undanförunum árum hefur orðið aukning í notkun á lífildsneyti í flugvélum og höfðu 1700 farþegarflug víða um heim verið farin árið 2014 þar sem lífildsneyti var blandað saman við hefðbundið eldsneyti. Þessar flugferðir sýna þá möguleika sem flugfélögum stendur til boða hvað varðar eldsneytisnotkun (sjá t.d. Aviationbenefits.org og IATA, 2015). Nýlega var tilkynnt um að lífildsneyti væri til sölu á flugvellingum í Osló. Lífildsneytinu er komið um borð í flugvélarnar með samskonar afgreiðslukerfi og hinu hefðbundna eldsneyti og dregur það úr kostnaði flugfélaganna við að nýta lífildsneytið (atwonline.com, 2016). Í fluginu tekur innleiðing nýrra orkugjafa mun lengri tíma en í öðrum greinum sökum þess að tryggt verður að þeir hafi ekki áhrif á öryggi flugvéla, enda geta slys valdið hundruðum dauðsfalla. **Hér er gert ráð fyrir að notkun nýrra orkugjafa muni fylgja svokölluðum S ferli og nýju orkugjafarnir verði komnir með 1% markaðarins eftir 30 ár og 50% markaðarins eftir 60 ár. Gert er ráð fyrir að orkupörf flugvélanna sé sú sama hvort sem notuð er olía eða aðrir orkugjafar.**

4.9 Flutningaskip

Flutningaskip sem sigla milli Íslands og annarra landa, taka að mestu eldsneyti erlendis. Einungis lítill hluti af eldsneytisnotkun íslensku skipafélaganna kemur því fram í tölum um innflutning og sölu á eldsneyti hér á landi. Á mynd 4.18 er sýnd sala á eldsneyti hér á landi til flutningaskipa. Eins og sést á myndinni er þessi sala breytileg á milli ára og sérstaklega eru miklar sveiflur í millilandanotkuninni. Útreikningar á orkunotkun flutningaskipa tengjast m.a. útreikningum í almennum forsendum á hagvexti.



Mynd 4.18 Eldsneytiskaup flutningaskipa á Íslandi 1983-2015.

Heimild: Orkustofnun og Orkuspárnefnd, 2016.

4.9.1 Flutningar milli innlendra hafna

Samkvæmt tölunum á mynd 4.17 nærri tvöfaldaðist olíunotkun skipa í strandflutningum, varðskipa, rannsóknaskipa og annarra íslenskra skipa sem ekki eru í millilandasiglingum á milli ára 2012 og 2015. Árið 2013 hófu bæði Samskip og Eimskip strandflutninga og tengdu skipafélögin áætlunarleiðir sínar umhverfis landið við siglingar í erlendar hafnir. Innlend skipafélög stunduðu áður skipulagða strandflutninga fram til ársins 2000. Þegar skipulagðir strandflutningar með skipum voru lagðir af varð aukning í flutningum með bílum á landi eins og fram kemur í kafla 4.1.2 um bifreiðar. Innlanda notkunin sem fram kemur á mynd 4.17 er þó enn mun minni en t.d. á tímabilinu 2006-2008 en líklegt er að aukning í strandflutningum á þeim tíma hafi stafað m.a. af byggingu álvers Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar en þær framkvæmdir kölluðu eflaust á verulega flutninga hér innanlands auk þess sem samhliða þeim framkvæmdum var mikil uppbygging á Austurlandi. Flutningar á fiskafurðum tengjast oft beint millilandasiglingum og getur því verið að olíunotkunin sé flokkuð með þeim

Ferjur eru í reglubundnum áætlunarferðum á nokkrum siglingaleiðum hérlendis. Fjöldi farþega til og frá Vestmannaeyjum jókst verulega árið 2010 þegar Landeyjahöfn var tekin í notkun og hafa nærri 300 þúsund farþegar á ári farið með Herjólfri á undanförunum árum en þeir voru um 120 - 130 þúsund á tímabilinu 2006-2009 (Eyjafréttir.is, 2015a og 2015b). Fyrirhugað er að ný ferja verði fengin til siglinga til og frá Vestmannaeyjum og að hún verði svokölluð „tvinferja“ og knúin dísilvélum sem nýttar verða til að framleiða rafmagn sem hlaðið verði á rafgeyma. Gert er ráð fyrir að hin nýja ferja verði sparneytnari en hin eldri og að eldsneytisnotkun hinnar nýju ferju verði um 1200 tonn af dísilolíu á ári (Alþingi, 2015b).

Gera má ráð fyrir að á næstu árum muni vera lögð áframhaldandi áhersla á bættu orkunýtingu flutningaskipa sem og skipulag flutninganna. Telja verður því að orkunotkun á flutt tonn mun eitthvað minnka á spátímabilinu. **Miðað er við að orkunotkun á flutt tonn minnki um 5% til 2025 og samtals um 10% til 2050. Einnig er gert ráð fyrir að hætt verði að nota svartolíu í flutningaskipum árið 2025 sökum umhverfisáhrifa.**

4.9.2 Millilandaflutningar

Olía sem notuð er við siglingar milli Íslands og annarra landa er að mestu leyti tekin í erlendum höfnum vegna þess að verð á olíu er hagstæðara þar en hér á landi. Áætlað er hér að á síðasta ári hafi um 99% eldsneytisins verið tekið erlendis. Lítið magn er því tekið hér á landi og miklar sveiflur eru milli ára eins og sést á mynd 4.17 en árið 2015 voru tekin um 47 þúsund tonn og meiri notkun en hefur verið hérlendis áður. **Miðað er við að orkunotkun á flutt tonn minnki um 5% til 2025 og samtals um 10% til 2050. Einnig er gert ráð fyrir að hætt verði að nota svartolíu í flutningaskipum árið 2025 sökum umhverfisáhrifa.**


Flutningar vegna hugsanlegrar nýrrar stóriðju eru hér ekki teknir með. Ef til slíks kemur gæti olíunotkun flutningaskipa aukist eitthvað þar sem slíkri starfsemi fylgja verulegir flutningar, en á móti kæmi að olían yrði að öllum líkindum tekin erlendis að mestu leyti.

4.9.3 Nýir orkugjafar í stað olíu

Nú er olía allsráðandi sem orkugjafi í flutningaskipum og gert er ráð fyrir að svo verði áfram fyrst um sinn. Lágt olíuverð um þessar mundir letur skipafélög til að kanna möguleika á notkun annarra orkugjafa. Fáir möguleikar eru til staðar núna nema þá helst lífrænt eldsneyti og metanól. Skipafélagið Stena Line hefur breytt einni af ferjum sínum til þess að notast við metanól á leið sinni frá Gautaborg til Kiel sem er nærri 15 klukkustunda sigling. Skipið rúmar 1300 farþega og 300 bifreiðar og er reynslan af rekstri ferjunnar góð (Stena Line; 2015; Stefenson, 2016) **Búast má við sömu þróun hér og varðandi fiskiskipin og er miðað við það hér.**

4.10 Þjónusta

Nokkuð er um það að veitingastaðir noti gas við eldun vegna þess að í mörgum tilvikum hentar það betur en raforka. Gasnotkun við þjónustustarfsemi er áætluð sem sala á gasi á stærri hylkjum en 12 kg og var hún 371 tonn árið 2015. Síðustu fimm ár hefur notkunin á gasi í þjónustustarfsemi verið frá u.þ.b. 350-500 tonn, sjá mynd 4.19. Miklar breytingar hafa orðið í notkun á gasi í þjónustustarfsemi á undanförunum árum. Hafa ber í huga að veruleg óvissa er í þessum tölum og ekki eru nákvæm skil á milli notkunar í þjónustu og iðnaði. **Hér er miðað við að gasnotkun veitingahúsa fylgi umsvifum í þeirri atvinnugrein.**



Mynd 4.19 Notkun þjónustustarfsemi á gasi árin 1996-2015.

Heimild: Orkustofnun og Orkuspárnefnd, 2016.

4.11 Orkufrekur iðnaður


Eins og áður er komið fram nota stóriðjufyrirtækin kol og koks í nokkrum mæli við framleiðsluna og þessi notkun er tekin með í þessari eldsneytisspá. Á næstu árum mun þessum aðilum fjölga auk þess sem ýmsar hugmyndir eru á lofti um slíka atvinnustarfsemi..

4.11.1 Núverandi notendur

Notkun á kolum og kosi er aðallega hjáð járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga sem og tvær fyrirhugaðar kísilverksmiðjur. Allar þrjár verksmiðjurnar munu einnig nota viðarkurl í framleiðslu sinni. Við framleiðslu kísiljárns, eins og um er að ræða á Grundartanga, og kísils er notað kolefni til að brjóta niður kvarts (kvarts er kísilfrumefni bundið súrefni). Þetta efnahvarf á sér stað við hátt hitastig sem fengið er með rafhljósboga og myndast þá kolsýringur (CO) sem síðan brennur í ofnafirborðinu og myndar koltvísýring (CO₂). Sú orka sem losnar úr læðingi við brunann hverfur að mestu úr ofninum með reyknum frá honum. Mögulegt er að endurvinnna stóran hluta þessa varma en slíkt er ekki gert hérlendis. Í verksmiðjunni á Grundartanga hefur orkan sem myndast við bruna kolanna og koksins verið um 45% af heildarorkunni sem notuð er við framleiðsluna en raforkan er um 55% (sjá Jón Hálfðánarson, 1980).

Tvö fyrirtæki munu hefja kísilframleiðslu á næstu árum. Annars vegar mun United Silicon hf. framleiða um 21.000 tonn af kísli og 7.500 tonn af kísilyki í Helguvík og hefja framleiðslu í apríl 2016. Hins vegar mun PCC BakkiSilicon hf. framleiða 32.000 tonn af kísli á Bakka og hefja framleiðslu í nóvember 2017. Framleiðsluferli þessara tveggja fyrirtækja er að mörgu leyti líkt ferlinu í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Hér er notast við þau gögn sem fyrirtækin lögðu fram til opinberra aðila héraendis um hráfnisnotkun sína til að meta þörf þeirra eftir kolum og koxi en gert er ráð fyrir að gasnotkun þeirra á hvert framleitt tonn verði sambærileg og annarra fyrirtækja héraendis (Stakksbraut 9, 2013; PCC, 2013).

Á mynd 4.20 er sýndur innflutningur og notkun kola og koxi í iðnaði og við framleiðslu og vinnslu málma. Aukningin árið 2000 stafar af stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og samdráttinn á tímabilinu 2007 til 2010 má að miklu leyti rekja til minni sementsframleiðslu og lagðist hún endanlega af árið 2012. Þróunin á undanförunum árum má rekja til breytinga í framleiðslu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. **Hér er miðað við að hlutfallsleg kola- og koxnotkun járnblendiverksmiðjunnar verði svipuð á næstu árum og hún hefur verið að meðaltali undanfarin ár auk þess sem miðað er við að kísilverksmiðjunnar tvær hefji starfsemi sína og hráfnisnotkunin verði í samræmi við framlögð gögn þeirra.**




Mynd 4.20 **Innflutningur og notkun á kolum og koxi.**

Heimild: Hagstofa Íslands og Orkuspárnefnd 2016.

Notkun kola í rafskautunum í álverum er ekki talin hér með orkunotkun heldur litið á hana sem hráefni. Þessi notkun er í eðli sínu nokkuð öðruvísi en kolanotkun járnblendiverksmiðjunnar og kísilverksmiðjanna. Í járnblendiverksmiðjunni og kísilverksmiðjunum fara kol í miklum mæli inn í bræðsluofnana og brenna þar. Hægt er að nýta varmann sem myndast við þann bruna en slíkt er þó ekki gert enn sem komið er.

Við framleiðslu og vinnslu málma er notað gas og hefur notkunin verið um 20-40% af heildarinnflutningi á undanförunum árum., sjá mynd 4.21. **Notkunin hefur farið minnkandi á undanförunum árum og hefur raforka leyst gasið af hólmi. Hér er miðað við að notkun á gasi í álverunum minnki áfram í hlutfalli við framleitt magn um 10% til ársins 2025 og samtals um 20% til loka spátímabilsins.**



Mynd 4.21 **Notkun stóriðju á gasi árin 1996-2015.**

Heimild: Orkustofnun og Orkusparnefnd, 2016.

Smávægileg olíunotkun er hjá orkufrekum iðnaði en sú notkun hefur farið minnkandi á undanförunum árum. Á árinu 2015 var notkunin 657 tonn en var rúm 5 þúsund tonn á árinu 2006. **Hér er gert ráð fyrir að notkun stóriðjufyrirtækja á olíu muni fara minnkandi og muni notkunin í hlutfalli við framleiðslu minnka um 20% út spátímabilið.**

4.11.2 Hugsanlegir nýir notendur

Hér er fjallað um stóriðjufyrirtæki sem gætu komið til næstu árum en eru ekki tekin með í spánni þar sem verkefni eru ekki komin það langt að samningar liggi fyrir um slíka framkvæmd.

Á árinu 2007 gerði Norðurál orkusamning annars vegar við Hitaveitu Suðurnesja sem varð síðar HS Orka og hins vegar við Orkuveitu Reykjavíkur um að afhenda orku til fyrirhugaðs álvers í Helguvík og þar var gert ráð fyrir að afhenda 250 MW til fyrsta áfanga álversins sem fyrirhugað var að hæfi starfsemi á seinni hluta ársins 2010. Framleiðslugeta fyrsta áfanga átti að vera 150 þúsund tonn á ári og árleg orkunotkun um 2.000 GWh. Fyrirhugað var að byggja álverið í fjórum áföngum sem fullbúið afkastar 360 þúsund tonnum á ári og aflþörf um 625 MW. Í byrjun júní 2008 var tekin skóflustunga að álveri Norðuráls í Helguvík. Byggingu á kerskála er vel á veg komin fyrir fyrsta áfanga en þær framkvæmdir liggja nú niðri. Í kjölfar bankahrunsins árið 2008 breyttist fjárhagsstaða Orkuveita Reykjavíkur og HS Orku, þannig eru gerðir orkusamningar í uppnámi og mikil óvissa um orkuafhendingu. Þar sem ekki hefur verið gengið frá öllum þáttum vegna framkvæmda í Helguvík og óvissa er með virkjanaf framkvæmdir er ekki gert ráð fyrir notkuninni í þessari spá.

Silicor Materials stefnir á að reisa sólarkísilverksmiðju á Grundartanga og hefur lokið fyrri hluta fjármögnunar sinnar og stefnir að því að ljúka fjármögnun sinni árið 2016. Áætlað er að framleiðslan verði 19 þúsund tonn af sólarkíslu. Fyrirtækið hefur m.a undirritað fjárfestingarsamning við íslensk stjórnvöld og þar kemur fram að aflþörf þess verði um 60 MW. Samningur við verkafyrirtæki um byggingu verksmiðjunnar liggur fyrir en er háður því að gengið verði frá endanlegri fjármögnun. Orka náttúrunnar og Silicor Materials hafa undirritað samning um sölu á 40 MW til 15 ára og miðar hann við að afhending orku hefjist á árinu 2018.

Thorsil ehf. stefnir á að reisa kísilverksmiðju í Helguvík og hefur m.a. undirritað fjárfestingasamning við stjórnvöld, fengið starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og samið við Landsnet um flutning raforku og HS Orku og Landsvirkjun um orkukaup. Gert er ráð fyrir að framleiðsla fyrirtækisins verði um 54 þúsund tonn af kísilmálm og þurfi til þess um 87 MW og hefji starfsemi í ársbyrjun 2018. Orkusölusamningar eru með fyrirvörum svo sem um fjármögnun framkvæmdanna.

4.12 Raforkuvinnsla

Raforkuvinnsla hér á landi er næstum alfarið með vatnsorku og jarðvarma. Á undanförunum árum hefur olía lítið verið notuð til raforkuvinnslu þar sem vatnsorkuver og jarðvarmastöðvar hafa annað markaðinum. Slíkar stöðvar eru því helst notaðar þegar truflanir verða á rekstri raforkukerfisins. Þegar raforkukerfið er nánast fullnýtt er alltaf möguleiki að skerða þurfi afhendingu raforku í slæmum vatnsárum. Í slíkum tilvikum geta eldsneytisstöðvar komið að notum til að minnka skerðingu til notenda. Áður en eldsneytisstöðvar eru settar í gang af þessum sökum, er minnkuð afhending á skerðanlegri orku og getur þá komið til olíunotkunar, t.d. hjá kyntum veitum eins og áður er rakið. Árið 2015 var notkun gasolíu til orkuvinnslu nærri 1200 tonnum en að meðaltali hafa um 1050 tonn verið notuð á undanförunum fimm árum.. **Hér er miðað við að notkun eldsneytis til raforkuvinnslu verði að meðaltali eitt þúsund tonn út spátímabilið og að um sé að ræða gasolíu.**

4.13 Rýrnun

Við flutninga og geymslu eldsneytis á sér stað einhver rýrnun svo sem vegna uppgufunar. Í síðustu eldsneytisspá var miðað við eftirfarandi rýrnun:

Rýrnun í hafi:	0,5%
Geymslurýrnun, svartolía:	0,5%
Geymslurýrnun, gasolía:	1,0%
Geymslurýrnun, bensín:	2,0%
Geymslurýrnun, þotueldsneyti	1,0%
Geymslurýrnun, gas	2,0%
Geymslurýrnun, kol	0,5%

Hér er miðað við þessar tölur.

5. Áætluð eldsneytisnotkun

Eldsneytisnotkun Íslendinga hefur verið áætluð út frá þeim forsendum sem raktar eru í kafla 4 hér að framan. Eins og áður kom fram er notkunin skilgreind á sama hátt nú og í síðustu spá. Í innlendu notkuninni eru erlend fiskiskip talin með en eldsneytiskaup íslenskra fiskiskipa erlendis eru ekki tekin með í innlendu notkuninni. Í millilandanotkuninni er tekin með öll sala á eldsneyti til erlendra skipafélaga og flugfélaga hér á landi, en ekki eldsneytiskaup íslenskra fyrirtækja erlendis. Hér neðar eru fyrst teknar saman upplýsingar um notkun olíu, síðan um notkun nýrra orkugjafa í stað olíu, þá notkun kola og að lokum notkun á gasi.

5.1 Notkun olíu

Í töflu 5.1 má sjá áætlaða olíunotkun Íslendinga til ársins 2050 ásamt rauntölum síðustu ára. Notkuninni er skipt niður á innlenda notkun og millilandanotkun á eftirfarandi hátt:

Innlend notkun: Öll kaup á olíu hér á landi til innlendra nota. Kaup erlendra fiskiskipa héraendis eru ekki talin með hér.

Millilandanotkun: Kaup íslenskra og erlendra flugfélaga og skipafélaga á eldsneyti á Íslandi til millilandaflutninga. Einnig kaup erlendra fiskiskipa á eldsneyti hér á landi.

Rýrnun: Sýnd er áætluð rýrnun við flutning og geymslu olíu. Notkun úrgangsolíu kemur til frádráttar rýrnuninni.

Innflutningur: Heildarinnflutningur á olíu til landsins.

Tafla 5.2 sýnir notkunina greinda niður á einstaka notkunarþætti. Notkun skipa og flugvéla er tvískipt, annars vegar **innlend notkun** og hins vegar **millilandanotkun** (merk annars vegar I. og hins vegar M.).

Eins og fram kemur í töflunum nær notkun olíu hámarki um 2030 en fer síðan minnkandi þar sem gert er ráð fyrir að aðrir orkugjafar verði þá farnir að taka við af olíunni sbr. hér að aftan.

Á mynd 5.1 er sýnd áætluð innlend notkun til 2050 ásamt rauntölum síðustu ára. Mynd 5.2 sýnir síðan hlutfallslega aukningu innlendra olíunotkunar. Notkunin hefur dregist mikið saman undanfarin 10 ár eða um 2% að meðaltali á ári. Einna helst má rekja minni olíunotkun til minni notkunar í fiskiskipum vegna minni afla og einnig betri orkunýtingar skipanna. Auk þess hefur dregið nokkuð úr olíunotkun bifreiða og tækja. Í iðnaði hefur einnig raforka leyst af hólmi olíunotkun og þá sérstaklega í fiskimjölsmiðjum.

Á næstu árum vex eldsneytisnotkunin einna helst vegna aukinnar notkunar í millilandaflugi og vegna uppbyggingar fiskistofna. Búist er við að olíunotkun bifreiða og tækja aukist lítillega fram til 2020 en dragist saman eftir það samhliða aukinni raforkunotkun í samgöngum. Vænt eldsneytisnotkun bifreiða til langs tíma ræðst af miklu leyti af því að notkun raforku í samgöngum gangi eftir líkt og lýst er í almennum forsendum Orkuspárnefndar og í Raforkuspá 2015. Eins og sést á mynd 5.2 hafa verið miklar sveiflur í hlutfallslegum breytingum á milli ára m.a. vegna breytinga í fiskafli, en erfitt er að spá fyrir um skammtímasveiflur í langtímaspá sem þessari. Orkuskipti hvað varðar bifreiðar, hagvöxtur og breytingar í fiskafli skila þó sveiflum í notkuninni á allra næstu árum. Aukningin er mest árið 1996 eða um 5% en innlenda notkunin minnkaði um 8% árin 2008 og 2010.

Tafla 5.1 Spá um notkun og innflutning olíu.

Ár	Innlend notkun Þús. tonn	Millilanda- notkun Þús. tonn	Samtals Þús. tonn		Rýrnun Þús. tonn	Inn- flutningur Þús. tonn
2000*	615	146	762		12,6	774,2
2001*	580	129	709		11,9	721,3
2002*	617	125	742		12,3	754,8
2003*	618	112	730		12,2	742,0
2004*	647	127	774		13,1	786,6
2005*	611	134	746		12,7	758,3
2006*	626	164	789		13,3	802,7
2007*	663	166	829		13,7	842,9
2008*	611	151	761		12,7	774,0
2009*	599	111	710		11,9	722,3
2010*	564	120	684		11,5	695,1
2011*	524	149	674		11,2	684,8
2012*	519	148	667		11,2	678,2
2013*	510	183	693		11,4	704,5
2014*	503	206	709		11,7	721,2
2015*	523	261	784		12,9	796,9
2016	532	330	862		14,2	876,4
2017	533	366	899		14,7	913,5
2018	534	385	919		15,0	933,7
2019	535	400	935		15,3	950,6
2020	531	413	944		15,3	959,4
2021	520	424	943		15,3	958,8
2022	514	435	949		15,3	964,7
2023	502	445	947		15,2	962,2
2024	505	455	959		15,4	974,4
2025	500	463	963		15,4	978,2
2030	457	515	972		15,3	987,7
2035	408	562	970		15,0	984,7
2040	371	600	970		15,0	985,3
2045	341	625	966		14,9	980,8
2050	313	635	948		14,6	962,8

Tafla 5.2 Spá um notkun olíu skipt niður á notkunarpætti.

Ár	Heimili og sundl. Þús. tonn	Landbúnaður Þús. tonn	Fiskiskip Þús. tonn	Iðnaður Þús. tonn	Bifreiðar Þús. tonn	Tæki Þús. tonn	Flug I. Þús. tonn	Skip I. Þús. tonn	Þjónusta Þús. tonn	Orkufrækur iðn. Þús. tonn	Flug M Þús. tonn	Skip M Þús. tonn	Samtals Þús. tonn
2000*	7,7	9,5	279,1	62,6	196,7	45,9	8,8	4,0	1,0	0,0	129,2	17,0	761,6
2001*	6,5	9,8	230,3	75,5	202,7	40,2	7,8	6,5	0,9	0,0	110,6	18,7	709,4
2002*	6,0	10,2	260,8	85,3	210,1	31,3	6,8	5,9	1,1	0,0	98,2	26,9	742,5
2003*	3,9	10,4	250,5	65,1	219,5	41,6	7,0	10,7	0,6	8,8	105,5	6,1	729,8
2004*	4,6	10,6	257,3	60,8	231,1	51,7	7,4	15,3	0,1	7,6	120,4	6,6	773,5
2005*	4,6	11,5	232,6	45,1	240,2	56,3	8,3	7,1	0,0	5,8	133,6	0,6	745,6
2006*	2,6	12,0	212,0	42,0	275,7	49,3	8,9	16,2	1,4	5,4	158,4	5,5	789,4
2007*	2,6	12,7	241,4	34,7	285,9	48,9	7,0	19,4	5,6	5,2	162,1	3,8	829,2
2008*	1,6	13,2	221,8	26,9	269,9	45,9	8,3	17,4	1,4	4,3	135,5	15,2	761,3
2009*	1,7	11,7	239,4	25,0	270,4	28,9	6,9	10,0	0,8	4,1	108,8	2,6	710,4
2010*	1,7	11,5	228,1	23,3	255,8	20,7	6,7	11,1	1,0	4,0	119,5	0,1	683,6
2011*	1,9	12,4	206,3	22,9	251,9	15,3	6,4	5,9	0,7	0,5	133,7	15,8	673,6
2012*	1,8	13,0	204,5	22,1	247,5	16,1	6,6	4,3	1,1	2,4	140,1	7,6	667,0
2013*	1,6	13,4	193,0	18,0	252,1	14,2	6,2	5,0	1,2	5,3	158,1	24,8	693,1
2014*	3,9	12,8	190,5	9,0	253,2	19,4	6,4	6,4	1,4	0,2	183,9	22,4	709,5
2015*	1,5	13,5	195,0	21,3	259,0	16,5	6,5	8,3	1,2	0,7	213,8	46,8	784,0
2016	1,5	13,8	191,9	20,4	271,7	16,9	6,0	8,3	1,0	0,7	282,4	47,7	862,2
2017	1,5	13,9	191,0	19,3	273,9	17,2	6,0	8,2	1,0	0,7	317,7	48,3	898,8
